



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

„Sökkvist heljar hundur“

Þrír Jónar, djöfullinn og hugmyndaheimur lúterskunnar á 17. öld

Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum

Ásta Sigurjónsdóttir

Febrúar 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenskar bókmenntir

„Sökkvist heljar hundur“

Þrír Jónar, djöfullinn og hugmyndaheimur lúterskunnar á 17. öld

Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum

Ásta Sigurjónsdóttir

Kt.: 110476-4189

Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson

Febrúar 2014

Ágrip

Þessari ritsmíð er ætlað að varpa ljósi á tíðaranda og afstöðu gagnvart djöflinum á Íslandi á 17. öld. Kannað verður hvernig áhrif lúterstrúar breiddust út, þrátt fyrir tregðu samfélagsins til að gangast undir hinn nýja sið, sem og hvernig hinn lúterski djöfull náði fótfestu þó að lúterskri guðinn væri umdeildur.

Vikið verður að siðbreytingunni, viðhorfi Lúters til kaþólskunnar og framsetningu siðbreytingarmanna á djöflinum en hann var í raun eitt helsta tromp þeirra og óspart notaður til að færa fólk nær hinum lúterska guði. Fjallað verður um þá breyttu heimsmynd sem stefna Lúters hafði í för með sér og rætt verður um þróun galdratrúar á Íslandi, tengsl galdra við hið illa og eyðingu þess með galdrabrennum. Einnig verður vikið að íslenskum særingum með tilliti til fornrar kvæðahefðar, trú fólks á mátt orðsins og ákvæðaskálda.

Síðast en ekki síst verður fjallað um skrif þriggja manna um djöfulinn. Alþýðumaðurinn Jón lærði Guðmundsson (1574–1658) réðst beint gegn djöflinum í „Snjáfjallavísunum hinum síðari“ og treysti á andlegan styrk sinn og forna kveðskaparhefð. Í huga hans voru orð og flutningur þeirra drifkrafturinn í baráttunni gegn hinu illa og það kemur fram í vísunum. Lúter ofsótti andstæðinga sína með því að tengja þá við djöfulinn og andstæðingar Jóns tóku sér margt til fyrirmyndar í boðskap Lúters þegar þeir réðust gegn Jóni.

Séra Jón Daðason (1606–1676) treysti á orðið til þess að nálgast kraft hins guðlega máttar sem ræður niðurlögum hins illa. „Draumgeisli“ hans er varfærnislegri kveðskapur en „Snjáfjallavísur hinar síðari“ og meira í anda lúterskunnar. Þar er lögð áhersla á mátt hinnar heilögu þrenningar fremur en kraft kveðandans.

Séra Jón Magnússon (1610–1696) skorti trú á samband sitt við Guð og kraft hins heilaga orðs. Í *Píslarsögu* hans birtist hugarstríð og barátta við efa og trúleysi. Verk hans var ritað til að sannfæra aðra um að hann væri undir stöðugum ásóknum hins illa. Ein af höfuðsyndum lúterskra manna, þunglyndið, plagaði hann stöðugt og var að hans mati framkallað af djöflinum.

Það er meðal annars fyrir skrif þessara þriggja manna sem við fáum mynd af djöfli 17. aldar á Íslandi og innsýn í þær aðferðir sem þóttu vænlegastar til að ráða niðurlögum hans. Allir eiga þeir sameiginlegt að kljást við djöful lúterstrúarinnar á Íslandi með orðið að vopni, þó að þeir sjálfir hafi haft mismunandi viðhorf gagnvart nýjum sið lúterskunnar. Alþýðumaðurinn Jón lærði tókst á við djöfulinn milliliðalaust, séra Jón Daðason lagði allt sitt traust á að frelsarinn verndaði hann gegn hinu illa, en Jón Magnússon óttaðist stöðugt að hann hefði tapað tengslunum við almættið og orð hans hefðu þar af leiðandi engin áhrif.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
LÚTER OG DJÖFLAFRÆÐIN	4
GALDRATRÚ Í LÚTERSKU OG MÁTTUR ELDSINS	9
ÍSLENSKAR SÆRINGAR OG MÁTTUR ORÐSINS.....	12
ÍSLENSKIR SÆRINGAMENN Á 17. ÖLD	14
JÓN LÆRÐI GUÐMUNDSSON	18
JÓN DAÐASON	36
JÓN MAGNÚSSON.....	43
JÓNARNIR ÞRÍR OG BARÁTTA ÞEIRRA VIÐ DJÖFULINN.....	53
LOKAORÐ.....	56
HEIMILDASKRÁ	58

Inngangur

Umfram allt, þá mótast hinar löngu miðaldir af baráttunni í mannsálinni eða um hana milli tveggja stórvelda sem eru jöfn, Satans og Guðs. Átök Guðs og Kölska eiga sér stað allar hinar löngu miðaldir lénsskipulagsins. Satan fæðist í upphafi þeirra og deyr í lokin.

(Jacques Le Goff 2005: 15)

Í augum 17. aldar manna á Íslandi var djöfullinn ekki aðeins hugmynd heldur ein af staðreyndum lífsins og svo virkt afl að hver maður þurfti að standa í daglegri baráttu við hann. Þetta kemur meðal annars fram í lýsingum þeirra sem töldu sig verða fyrir ásóknum djöfla og hugmyndum manna um hvernig ætti að verjast slíkum ásóknum. Í þessari ritgerð verða til umfjöllunar ritverk þriggja Jóna á 17. öld sem varpa ljósi á ógn þessara afla.

Vikið verður að djöflafræði Lúters, galdratrú á Íslandi og þeirri sterku særingahefð sem var við lýði á 17. öld en hún var öflug vegna þess óvissuástands sem siðskiptin höfðu skapað. Tímarnir voru viðsjárverðir og engum hægt að treysta; ógn eldsins var yfirvofandi ef hægt var að tengja fólk við galdra eða kukl. Ýmsir töldu þó að forn þekking gæti gagnast í baráttunni við hinn nýja djöful lúterskunnar og lögðu mikið á sig til þess að varðveita hana og nýta. Andstaða siðbreytingarmanna við forna siði og venjur birtist hins vegar í aukinni áherslu þeirra á að kaþólskar hefðir og forn menning væru galdrar og ákall til djöfulsins.

Leitast verður við að sýna hvernig birtist djöfullinn í lúterskri heimsmynd 17. aldar á Íslandi. Landsmenn þurftu að aðlagast tíðarandanum sem fól í sér að djöfullinn og hans útsendarar voru raunveruleg ógn við sálarheill manna. Litið verður á hvernig viðureigninni við óvininn er lýst og hvernig var talið best að ráða niðurlögum hans.

Vangaveltur og viðbrögð Jónanna þriggja veita innsýn í hugmyndaheiminn sem fylgdi siðbreytingunni og bera merki um þá ringulreið sem brotthvarf dýrlinga og koma lúterska djöfulsins hafði í för með sér fyrir íslenskt samfélag. Jónarnir notuðu hver sína aðferð í baráttunni við djöfulinn en allir trúðu á mátt orðsins í einhverjum skilningi. Hér á eftir verður hugað að ritverkum þeirra um illa anda og aðsókn að jarðneskum verum. Sú heimsmynd var viðurkennd að Satan ynni hörðum höndum að sálnaveiðum í öllum heimshornum, þar á meðal á Íslandi. Þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og aðstæður eiga Jónarnir margt sameiginlegt vegna þessarar heimsmyndar.

Jón lærði Guðmundsson var alþýðufræðimaður og handverksmaður. Hann lumaði á gömlum ráðum til lækninga og samdi hina mögnuðu fjandafælu sem hér mun verða fjallað um, „Snjáfjallavísur hinar síðari“, en sagt er að hún hafi ráðið niðurlögum hins svokallaða

Snjáfjalladraugs. Jón fæddist á öld siðskipta, var í andstöðu við lúterskuna og undir áhrifum frá kaþólsku og alþýðumenningu. Hann treysti á eigin þekkingu, mátt sinn og megin til að takast á við kölska í krafti orða sinna.

Margir kirkjunnar menn höfðu trú á gömlum andlegum meðulum og rituðu um þau. Einn þeirra var Jón Daðason, prestur á Arnarbæli í Ölfusi. Hann var fæddur í upphafi 17. aldar, eftir siðskipti, og tengdist forvígismönnum þeirra sterkum böndum, enda menntaðist hann í Skálholti, var prestur þar um tíma og í fjölskyldutengslum við áhrifamenn á staðnum. Hann var maður hins nýja siðar en jafnframt áhugasamur um að tengja íslenska hefð við alþjóðleg dulræn fræði, þar á meðal rúnir við stjörnufræði samtímans. Jón Daðason samdi einnig vinsæla fælu, „Draumgeisla“. Eins og margir aðrir á þessum tíma trúði hann á mátt kveðskaparins til að ná sambandi við guðleg öfl og halda djöflinum í skefjum. Jón taldi að ef menn yrðu leiksoppar djöfulsins réðu þeir engu um gjörðir sínar, nema guðlegt vald kæmi til. Í verkum hans kemur fram trú á að hið guðlega komi til hjálpar í baráttunni við illa anda.

Séra Jón Magnússon, prestur að Eyri í Skutulsfirði, ritaði um reynslu sína af ásókn galdramanna og djöfla í *Píslarsögu*. Hann var Jóni Daðasyni samtíða en ólst upp við aðrar aðstæður og var á unga aldri sendur í fóstur til Odds Einarssonar, biskups í Skálholti. Þar ólst hann upp og menntaðist undir leiðsögn Odds.¹ Jón Magnússon var maður nýjunga en hann útskrifaðist úr Skálholtsskóla árið 1630 þar sem hugmyndafræði Lúters var haldið á lofti. Hann var vel að sér í djöflafræði og í *Píslarsögu* lýsir hann á tilkomumikinn hátt galdraofsóknum á hendur sér þar sem andsetnir menn og djöflar lögðust á eitt um að gera honum lífið leitt. Í verkinu koma fram á víxl ótti við að vera yfirgefinn af Guði og fullvissa um að hann sé nálægur.

Þó að siðbreytingin tæki langan tíma voru menn ekki lengi að tileinka sér aukna hræðslu við djöfulinn, sem var gamall óvinur kristninnar, og berjast gegn honum með ýmsum aðferðum. Jónarnir þrír samþykktu lúterska hugmynd um djöfulinn þrátt fyrir að þeir væru ekki á einu máli um það hvernig tengslum við almættið væri best háttáð. Lúter sjálfur fullyrti að djöfullinn væri illri, öflugri og hættulegri en aldrei fyrr vegna þess að hann væri meðvitaður um að tíminn væri naumur á síðustu dögum heimssögunnar (Oberman 1989: 15) Að mati Lúters var háð lokaorusta um sálir mannanna og hann lýsti baráttunni við hið illa í boðskap sem barst víða með siðbreytingunni. Þó að kaþólskir menn

¹ Oddur var fjórði lúterski biskupinn í Skálholti. Hann stóð fyrir svokallaðri Kýrsaugastaðasamþykkt en þar var mælt sérstaklega til að prestar í hans umdæmi beindu sóknarbornum sínum frá kaþólsku að lúterskum rétttrúnaði (sjá nánar síðar).

viðurkenndu ekki aðferðir Lúters við að nálgast guðdóminn náðu kenningar hans um djöfulinn fótfestu. Þetta endurspeglast í skrifum Jónanna þriggja og samferðafólks þeirra.

Í ritgerðinni verður vikið að djöflafræði siðbreytingarmanna og sýnt hvernig óvininum er beitt sem mótvægi við hinn lúterska guð. Djöfullinn er jafn nálægur og hinn guðlegi máttur og það þarf sífellt að vera á varðbergi. Áhrif siðbreytingarinnar og boðskaps Lúters sjást víða í skrifum 17. aldar manna á Íslandi. Litið verður til þróunar galdratrúar hér á landi og neikvæðs viðhorfs til hennar á lúterskum tíma. Fælingarmáttur eldsins var þá nýttur til þess að draga úr vægi galdra sem varna og brýnt fyrir fólki að leita beint til Guðs og fela honum vernd sína. Fjallað verður um íslenska særingahefð og viðhorf til ákvæðaskálda og verka þeirra. Þá verða tekin til skoðunar verk Jónanna þriggja og sýnt fram á mikilvægi huga og orða í baráttunni við hið illa en jafnframt ólíkar aðferðir þeirra við að nálgast sama viðfangsefni.

Lúter og djöflafræðin

Og varpað var niður drekanum mikla, hinum gamla höggormi, sem heitir djöfull og Satan, honum sem afvegaleiðir alla heimsbyggðina, honum var varpað niður á jörðina, og englum hans varpað niður með honum. [...] Vei sé jörðunni og hafinu, því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því hann veit, að hann hefur nauman tíma.

(Opinberun Jóhannesar, 12:9–10, 12)

Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir muninum á siðskiptum og siðbreytingu. Siðskiptin eru sjálfur atburðurinn sem markar upphaf þeirra miklu breytinga sem urðu á andlegu og veraldlegu lífi manna þegar hugmyndir Lúters náðu fótfestu. Siðbreyting vísar í þróunina sem varð á næstu árum og áratugum á eftir þegar ný siðurinn festi sig í sessi og áhrifa hans fór að gæta á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Þó að stjórnskipunin í kringum kirkjuna á Íslandi og innviði hennar væri komin vel á veg um aldamótin 1600, var enn langt í land með að sóknarbörnin og viðhorf þeirra og líf væri samkvæmt lúterskum anda (Loftur Guttormsson 2000: 110, 217).

Það var ekki auðvelt verk að breyta heimsmynd fólks í samræmi við nýjan sið. Þess vegna var hugmyndin um stríð milli góðs og ills og gamals og nýs mikilvæg í hugmyndafræði lúterskunnar. Djöfullinn hafði fyrir siðbreytingu verið nokkurs konar kómísk þjóðsagnapersóna og oftar en ekki nýtti klókt mannfólk sér krafta hans til ýmissa verka. Kapólska kirkjan hafði áður tengt þjóðlegan sagnaarf og leifar fornrar trúar við djöfulinn og hættuna sem af honum stafaði. Ef fólk viki ekki frá gömlum siðum og héldi sig við kapólskuna og hennar meðul var voðinn vís. Í lútersku var skerpt enn frekar á ímynd djöfulsins sem sterkum andstæðingi Guðs og kapólskan var tengd við hið illa (Ólína Þorvarðardóttir 2000: 58).

Lúterska ruddi sér hægt en örugglega til rúms meðal efri stétta Danmerkur á árunum 1536–1539. Konungurinn sjálfur var hallur undir breytinguna og þrýsti á að allt ríki hans tæki upp nýjan sið (Loftur Guttormsson 2000: 44–49). Á Íslandi var Gissur Einarsson gerður að biskupi í Skálholti árið 1540. Hann hafði þá þegar gerst lúterskur og kom á nýjum sið ári síðar. Siðbreytingin á Íslandi varð fyrst um sinn á yfirborðinu, í efsta lagi þjóðfélagsins og skipulagi þess. Aðstæður til innleiðingar og aðhalds lútersku voru ekki kjörnar á Íslandi þar sem þéttbýli þekktist ekki og millistétt embættis- og menntamanna var harla fámenn. Hugmyndir fólks um heiminn, menning þess og daglegt líf var mótað af því sem það taldi hafa reynst best í gegnum aldirnar. Kapólsk trú var sterk í hugum og hjörtum landsmanna, enda hafði hún verið undirstaða tilveru þeirra í fimm hundruð ár. Siðbreytingin var því í upphafi pólitísk ákvörðun fremur en trúarleg hreyfing. Þeir sem

héldu hinum nýja sið á lofti voru ungir menn sem höfðu menntast erlendis, orðið fyrir áhrifum hinnar nýju hreyfingar og tengdust biskupsstólum í Skálholti (Loftur Guttormsson 2000: 110).

Heimsmynd Íslendinga breyttist smám saman eftir siðskiptin. Með auknum þunga og áherslu á nýjan sið varð andstaðan meiri við ríkjandi viðhorf kaþólskunnar gagnvart viðhaldi lífs- og sálarheillar á Íslandi. Þekking á aðferðum við að tryggja jafnvægi milli heima fólks og anda, sem hafði orðið til frá landnámi, var nú álitin samvinna við djöfulinn. Sá sem hætti sér á slíkar brautir kallaði yfir sig ofsóknir og á endanum tóku yfirvöld og kirkjan sig saman og brenndu fólk á báli í hegningarskyni. Þjóðin reikaði um í framandi heimi djöfulsins án þess að mega nýta sér þau meðul sem hún trúði að virkuðu.

Siðskipti kristinnar trúar á 16. öld voru tilraun til að hverfa aftur til fortíðar. Hin nýja hugmyndafræði boðaði að gjörðir manna, syndaaflausn og tengsl við dýrlinga kæmu ekki lengur að neinu gagni. Allir væru fæddir syndarar og einungis upp á náð og miskunn Drottins komnir. Frumkvöðlar siðskiptanna vildu leita aftur til þess sem þeir töldu vera upprunalegri kenningar en þær kaþólsku og slíta tengslin við páfadóminn. Lúter fór í stríð við páfann og stefnu kaþólsku kirkjunnar og boðaði nýja stefnu með vísan til fortíðar sem hann kallaði siðbót.

Ég er bóndasonur. Faðir minn, afi og langafi voru bændur: faðir minn yfirgaf sveitina og hélt til Mansfeld þar sem hann gerðist silfurnámumaður. Í einnar mílu fjarlægð frá þessum stað (Eisleben) var ég borinn og barnfæddur. Var það skrifað í stjörnurnar að ég yrði baccalaureus, magister, munkur? [...] varð ég mér ekki til mikillar skammar þegar ég tók brúna meistarhattinn ofan og gerðist ómerkilegur munkur, föður mínum til mikils ama og sorgar? Og eftir þetta fórum við páfann í hár saman, ég kvæntist strokununnu og átti með henni börn. Hver hefði svo sem getað lesið þetta úr stjörnunum og sagt mér þetta fyrir?

(Luther 1832: 317)²

Lúter fetaði ótroðnar slóðir í lífinu og var tilbúinn að fylgja sannfæringu sinni þrátt fyrir mótlæti, jafnt veraldlegt sem andlegt. Siðbreytingin var byggð á sannfæringu hans og fylgismanna hans um að djöfullinn hefði náð taki á kaþólsku kirkjunni og forsvarsmönnum hennar. Hinn myrki prins ætlaði ekki einungis að uppræta kirkjuna heldur allt samfélag manna og skapa ringulreið og upplausn á hinum síðustu dögum.

Samkvæmt Lúter var páfann undir hæl djöfulsins, sem endurspegladist í gengdarlausri peningasóun og siðlausri sölu aflátsbréfa til þess að grynnka á skuldum páfagarðs. Bréfunum var beint að þeim efnameiri sem áttu að geta keypt sig frá syndunum í stað þess að bæta fyrir þær með góðverkum og dyggðugu líferni. Lúter fullyrtaði að aflát páfa

² Íslenskar þýðingar á textum Lúters eru mínar nema annað sé tekið fram.

hefði ekkert vægi; hann hefði ekkert vald yfir hreinsunareldinum. Kærleikurinn og iðrunin væri það eina sem gæti fært aflausn, ekki fjármunir. Samkvæmt Lúter voru aflátsbréf fölsk öryggiskennd og seld fyrir peninga sem væri betur varið til mannúðarmála. Menn treystu um of á vægi slíkra bréfa, legðu sig ekki fram í samfélagi við Guð og menn og væru af þeim sökum glataðir (Bainton 1984: 52–60).

Að sama skapi ásakaði páfinn Lúter um að spilla kirkjunni undir handleiðslu djöfulsins. Djöfullinn var skýring páfa og Lúters á öllu sem þeim þótti miður í fari eða gjörðum hvor annars; báðir töldu að hinn gengi villur vegna beinna áhrifa frá djöflinum. Andskotinn var ekki lítið mál á dögum Lúters heldur ógn sem sat fyrir mannskepnunni við öll möguleg tækifæri. Lúter vildi færa fólk nær Guði og koma því í beint samtal við hann en um leið færði hann djöfulinn á sama stað sem fulltrúa hins illa. Samkvæmt Lúter var sjálfur páfinn ekki óhultur; hann hafði látið freistast til að koma embætti sínu í skuldir og gefið út aflátsbréfin, meðal annars til þess að standa undir endurgreiðslum skulda.

Lúter taldi spillingu kirkjunnar vera sterkt merki um að síðustu dagar heimsins væru í nánd. Áhyggjur hans jukust og hann lagði sífellt meiri áherslu á predikun hins heilaga Orðs þar sem hann taldi að djöflinum hefði endanlega verið sleppt lausum og að andkristur væri borinn í heiminn í líki páfans.³ Um hann sagði Lúter: „Ég trúi því að páfinn sé grímuklædd holdtekning djöfulsins vegna þess að hann er andkristur. Eins og Kristur er holdtekning Guðs, er andkristur holdtekning djöfulsins [...]. Ríki páfa stendur í raun fyrir ofsareiði Guðs, nánar tiltekið, andstyggð hans á eyðileggingunni sem fer fram á hinum helga stað.“ (Luther 1988: 346).⁴ Djöfullinn vildi ekki einungis uppræta kirkjuna, hann ætlaði ráða heiminum, geryða sköpun Guðs og framkalla aftur þann glundroða sem ríkti við upphaf heimsins. Hið heilaga orð var vörn kristinna manna gegn djöflinum og dró úr áhrifum hans (Oberman 1989: 74).

Djöfullinn var fyrirferðarmikill í lífi Lúters; hann var sannfærður um að óvinurinn væri alls staðar, sífellt að vinna að niðurrifi og jafn nálægur mannum og Guð. Öll ógæfa í mannlegri tilveru var skrifuð á hann. Lúter kenndi meðal annars athæfi djöfulsins um að dóttir hans smitaðist af mislingum:

³ Drottinn batt fallna engla fasta í víti, sá fjötur átti að duga til dómsdags: *Biblían*, Síðara Pétursbréf 2:4: „Því að ekki þyrmdi Guð englunum, er þeir syndguðu, heldur steypti þeim niður í undir-djúpin og setti þá í myrkra-hella/myrkra fjötur“ (ens. „chains of darkness“ – *NIV Holy Bible, Second Epistle of Peter 2:4*). Júdasarbréf 6: „Og englana, sem ekki gættu tignar sinnar, heldur yfirgáfu eigin bústað, hefir hann í myrkri geymt í ævarandi fjöturum til dóms hins mikla dags.“

⁴ Þessi hugmynd um páfann var ekki ný af nálinni. Trúarhópar Fraticellibræðra, Wyclifssinnar og Hússítar höfðu áður reifað þessar hugmyndir á síðmiðöldum, um einstaka síðspillta páfa sem voru við völd. Lúter fór lengra með þessa hugmynd og sagði alla páfa vera andkrist (Bainton 1984: 84).

Ég mun ekki reiðast Guði ef hann ákveður að taka hana til sín í satanískri veröld þessarar aldar, sem jafnframt ég sjálfur óska eftir að hverfa frá hið snarasta, ásamt ástvinum mínum. Ég býð þess dags með óþreyju þegar reiði Satans og fylgjenda hans er á þrotum.

(Luther 1989: 246).

Lúter taldi að náttúran sjálf væri hluti af djöfullegum heimi og þau ráð sem hægt var að sækja til hennar, einkum til lækninga og varna ýmsu tagi.⁵ Hann lagði áherslu á tengsl djöfulsins og náttúruaflanna og undir lok ársins 1532 lýsti hann hugmyndum sínum um stöðu engla sem fulltrúar Guðs gagnvart djöflum:

Englarnir eru nálægir okkur og vernda okkur og aðrar verur Guðs að hans beiðni. Þeir hafa langa handleggi til þess að geta varið okkur og hrakið Satan auðveldlega á brott þegar hann reynir að gera okkur mein. Þeir standa frammi fyrir augliti Föðurins, næst sólinni, og fyrr en varir geta þeir komið okkur til hjálpar. Djöflarnir eru einnig nálægir. Hverja einustu stund eru þeir að upphugsu launráð gagnvart lífi okkar og velferð, en englarnir koma í veg fyrir að þeir geti skaðað okkur. Það eru margir djöflar í skógum, vötnum, fenjum og á mannlausum stöðum sem geta hugsanlega ekki skaðað fólk. Aðrir eru í þéttum skýjum og valda stormum, eldingum, þrumum, hagli og eitruðum gufum í loftinu. Heimspekingar og læknar tengja þessi fyrirbæri við náttúruna og ég veit ekki hverjar aðrar orsakir.

(Luther 1988: 172)

Kenningar Lúters gerðu fjandann alls staðar nálægan og þar með heiminn óbyggilegan. Menn reyndu að berjast gegn þessum nýja óvini með þeim aðferðum sem þeir þekktu best og í kjölfarið eflidist galdramenning til mikilla muna. Hún var viðbragð við óreiðunni sem fólk skynjaði þegar fótunum var kippt undan tilverunni og tilraun til að ná tókum á henni. Galdurinn hafði verið viðurkenndur sem eðlilegur hluti af lífi fólks um aldir, bæði til lækninga, varnar og til þess að ná sér niðri á andstæðingum. Á miðöldum bannaði kirkjan þó fólk að trú á galdra. Karlamagnús, konungur yfir Saxlandi á 8. og 9. öld, taldi m.a. að trú á galdra væri ókristileg og bannaði að seiðkonur og -karlar væru grýtt eða brennd en bannið var liður í að útrýma gömlum heiðnum hefðum (Munro 2004: 2). Með páfabréfi árið 1484 viðurkenndi kirkjan tilvist norna og ýtti þar með undir upphaf þess sem kalla má galdrafárið í Evrópu.

Árið 1486 gáfu svartmunkarnir Kramer og Spenger út bókina *Nornahamarinn* (Malleus maleficarum) sem var handbók fyrir þá sem rannsökuðu galdramál. Þar mátti finna ýmsar leiðbeiningar um aðferðir, m.a. pyntingar, til þess að fá fólk til að játa á sig galdra. Allur vitnisburður var tekinn gildur, óháð því hversu áreiðanlegt vitnið var, og orðrómur einn var næg ástæða til þess að koma máli af stað. Þeir sem töldust sekir um

⁵ Grös, málmar og steinar voru m.a. nýtt í þessum tilgangi. Jón Steffensen. 1990: 131–162.

galdra voru fengnir í hendur veraldlegum yfirvöldum og brenndir á báli. Bókin var gefin út í tuttugu og sex útgáfum á tæplega tveggja alda löngu tímabili eða allt til ársins 1669 þegar tekið var að hilla undir lok galdrafársins. Það var þó ekki fyrr en galdrarfsóknir í Evrópu voru í rúnun um miðja 17. öld og hámarki þeirra var náð á Norðurlöndum að galdrabálið fór að glæðast á Íslandi (Ólína Þorvarðardóttir 2000: 33–34, 70; Andrés Björnsson 1962: 5–6).

Í kristnirétti sem settur var á Íslandi á 13. öld var gerður greinarmunur á galdri til lækninga og heilla annars vegar og hins vegar fordæðuskapar sem ætlaður var til að gera mönnum illt. Löngum hafði verið munur á þessu tvennu og greint á milli hvítagaldurs, sem snéri að vörn og varðveislu heilsu, líkama og eigna, og svartagaldurs sem ætlaður var til árása, niðurrifs og öfugsnúnings, með það að markmiði að gera viðkomandi mein. Svo var einnig í kaþólskri tíð (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 20–22, 42). Eftir siðbreytingu rann allt saman í eitt og ráðist var gegn hvers kyns þekkingu sem þótti forn og ókristileg, sama í hvaða tilgangi átti að nýta hana.

Baráttan gegn rúnagaldri efldist ekki fyrr en eftir siðbreytingu. Oddur Einarsson biskup lagði drögin í Kýraugastaðasamþykkt sinni árið 1592 þar sem hann flokkaði kukl, töfra, rúnir og særingar saman í einn flokk (*Alþingisbækur Íslands* II 1915: 254–257). Allt fornt og kaþólskt var sett undir sama hatt sem galdrar. Markmið Odds var að innleiða lúterska siði og útrýma þeim kaþólsku með tilmælum til presta sem samþykkt höfðu verið á prestastefnu Skálholtsbiskupsdæmis.

Rúnir höfðu verið notaðar á Íslandi allt frá landnámi, m.a. til varnar og lækninga. Þegar kom fram á 17. öld höfðu menn gert sér grein fyrir að hættulegt gat verið að upplýsa um forna þekkingu. Á fyrri helmingi aldarinnar var einn maður á Íslandi brenndur fyrir galdra en þeir voru tengdir við meðferð rúna. Sem dæmi má nefna að Magnús Ólafsson í Laufási og Arngrímur Jónsson lærði áttu í mestu erfiðleikum með að fá fólk til að tjá sig um leyndardóma rúna þegar fræðimaðurinn Ole Worm bað þá að afla slíkrar þekkingar árið 1627 (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 88–89). Þekkingin var útbreidd en á 17. öld treguðust menn við að upplýsa um að þeir byggju yfir henni og fóru jafnvel huldu höfði ef kvittur var uppi um slíkt.

Galdratrú í lútersku og máttur eldsins

Hugmyndin um eldinn sem tæki til hreinsunar er ævagömul og hefur fylgt mannskepnunni frá því fyrir kristni. Eldurinn var lengi tákn valds, hreinsunar og eyðingar, m.a. í kristinni trú. Hann var notaður til að eyða óvinum og er sem slíkur þekkt tákn úr *Biblíunni*.⁶ Eldurinn varð einkennismerki tímans eftir siðbreytingu en togstreitan milli hins góða og hins illa var leyst með því að eyða andstæðingnum með eldi, sérstaklega þeim sem talið var að gengið hefðu til liðs við djöfulinn.

Samkvæmt Lúter var eldurinn ekki einungis verkfæri Drottins, því djöfullinn hafði einnig náð tökum á honum og beitti honum óspart. Lúter átti stóran þátt í að efla djöfla- og nornatrú með lýsingum sínum á líkamlegum og andlegum árásum slíkra óværa á hann sjálfan. Hann gaf í skyn að hið illa væri yfir og allt um kring og stór hluti skrifa hans greinir frá þessum samskiptum. Lúter minnti einnig lesendur á að þegar til kæmi væri best að leita á náðir Guðs og orða hans. Hann segir meðal annars um nornir, sem hann taldi vera konur sem legðu lag sitt við Satan og þjónuðu honum: „Ég ætti ekki að hafa neina samúð með þessum nornum, ég myndi brenna þær allar“ (Luther 1972: 195; 1988: 298). Árið 1540 skrifaði Lúter enn fremur um örlög djöfulsins og bandamanna hans:

Djöfullinn gengur laus, hann sjálfur er andsetinn af nýjum, enn verri djöflum, sem kveikja í og valda enn frekari skemmdum sem er skelfilegt. Í Thuringianskógi hafa meira en þúsund ekrur af skógi míns náðuga Herra verið brennd til ösku, og brenna enn [...] Biddu, og fáðu börnin til að biðja gegn þessum hræðilega Satan sem ræðst á okkur, ekki aðeins í líkama og sál, heldur einnig á eignir okkar og heiður af öllu afli. Megi Kristur Drottinn vor stíga niður frá himninum og kveikja sitt eigið bál fyrir djöfulinn og fylgismenn hans sem þeir sjálfir fá ekki slökkt. Amen.

(Luther 1989: 222)

Elstu heimildir um galdra í lútersku á Íslandi eru frá fyrstu áratugunum eftir siðbreytingu en þá voru þónokkrir prestar ásakaðir um slíkt athæfi. Þeir sem dæmdu í þessum málum voru einarðir siðbreytingarmenn, meðal annars Gissur Einarsson, biskup í Skálholti og Oddur Gottskálksson lögmaður, en fyrsti dómurinn vegna galdra var kveðinn upp af Oddi árið 1554 (Magnús Rafnsson 2008: 147–148).⁷

⁶ Satan veikir stöðu Jobs með því að nýta eldinn til þess að eyða eignum hans og reynir þannig að fá hann upp á móti Guði (Jobsbók 1, 9–17). Í *Nornahamrinum* taka Krämer og Sprenger Job sem dæmi um hvernig djöflar geta spillt auði, orðstír og líkamlegri heilsu (Krämer og Sprenger 1972 :149). Í Síðara konungsbréfi segir einnig frá guðsmanninum Elía frá Tisbe og viðureign hans við fimmtutíumanna foringjana en þar er eldurinn styrkur sem Guð veitir í baráttu við óvini (Síðari bók konunganna 1,9–11).

⁷ Oddur var sonur Gottskálks „grimma“ Nikulásssonar biskups að Hólum. Þjóðsagan segir að Gottskálk hafi ritað galdrabókina *Rauðskinnu* og tekið hana með sér í gröfina en í henni voru sagðir svo rammir svartir galdrar að hægt var að sigrast á djöflinum með þeim (sjá þjóðsöguna um *Galdrá-Loft*, *Þjóðsögur Jóns Árnasonar I*: 572–575).

Oddur, Gissur Einarsson og Gísli Jónsson (þriðji lúterski biskupinn í Skálholti) voru allir samtíða í Skálholti á síðustu árum Ögmundar Pálssonar, síðasta kaþólska biskupsins. Ögmundur kostaði Gissur í nám til Hamborgar og Wittenberg en þar er hugsanlegt að Gissur hafi hlýtt á kenningar Lúters, jafnvel á hann sjálfan. Í það minnsta var hann svo útlærður í lúterskunni að Ögmundur biskup snéri við honum baki þegar hann kom heim, þrátt fyrir að hafa valið hann sem eftirmann sinn. Gissur tók við biskupsembætti eftir dag Ögmundar og boðaði nýjan sið (Jón Halldórsson I 1903–1910: 10–11, 115–116).

Rúmlega þriðjungur íslenskra galdramála, sem heimildir eru um fyrir 1630, tengdist prestum. Margt sem tengdist kaþólskri trú og fólk átti erfitt með að sleppa höndum af var kallað galdrar, til dæmis hjátrú, dýrlingatrú og hvítigaldur. Þannig reyndu siðbreytingarmenn að knýja fram hlýðni og undirgefni við hinn nýja sið, bæði af höndum presta og almennings (Magnús Rafnsson 2008: 148).

Árið 1617 voru galdrar skilgreindir í Danmörku sem djöflatengt athæfi og hæfileg refsing fyrir þann sem gerðist sekur um slíkt þótti að vera brenndur á báli (Mitchell 2011: 203). Það voru svo sem ekki nýjar fréttir í Evrópu eins og sést á vinsældum rita eins og *Nornahamarsins*.⁸ Árið 1625 var fyrsti maðurinn á Íslandi brenndur fyrir að magna upp draug og senda hann á nágretta sinn. Sönnunargögnin voru rúnir á blaði og vitnisburður nágretta sem fullyrti að sakborningurinn, Jón Rögnvaldsson, hefði sent sér drauginn. Magnús Björnsson sýslumaður tók þá ákvörðun að brenna manninn á báli fyrir ætlaðar sakir (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 17).

Jónarnir þrír fóru ekki varhluta af áhrifum og ógn eldsins á þessari sömu öld. Jón Guðmundsson lærði varð fyrir miklum ofsóknum vegna lífsskoðana sinna og starfa. Hann var dæmdur fyrir galdra á Alþingi árið 1637 en talið er líklegt að konungsbref hafi bjargað honum frá því að fuðra upp í eldi (Björn Jónsson 1922–1927: 250–251).

Jón Daðason var, eins og margir klerkar, vel að sér í ýmsum fræðum en nýjungagjarn hvað varðaði tengsl fornra fræða, vísinda og trúarbragða. Hann reyndi að laga kabbalíska dulspeki að lúterskum rétttrúnaði og íslenskum veruleika og nýta þau meðul til að takast á við það sem að höndum bar.⁹ Mörg skrif hans voru vísitandi torræð til þess að aðeins þeir sem til þekktu gætu stautað sig fram úr þeim. Augljóst er að Jón Daðason hefur viljað fara varlega og ekki láta hanka sig á neinu, því ef einhverjum sinnaðist við hann átti

⁸ Brennumál á Íslandi voru um margt frábrugðin sambærilegum málum í Evrópu sökum þess að konur voru í minnihluta þeirra sem voru brenndir. Af þeim tuttugu og fjórum sem voru brenndir voru aðeins tvær konur. Sama gilti um tvö önnur lönd á jaðarsvæði Evrópu, Finnland og Eistland (Ólína Þorvarðardóttir 2000: 73, 124, 143). Hér á Íslandi er helsta skýringin sú að þekking á göldrum var að mestu í höndum íslenskra karla en því hefur verið öfugt farið í löndum þar sem hlutföllin voru önnur (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 40).

⁹ Matthías Viðar Sæmundsson setur Jón í alþjóðlegt sambengi endurreisnardulspekinga þar sem hann lagar það sem hann þekkir í umhverfi sínu að framaní kenningum þess tíma. Í riti Jóns, *Gandreið*, eru norrænar rúnir t.d. túlkaðar út frá stjörnuspeki 16. og 17. aldar og merking þeirra tengd við stjörnumerki, frumefni og anda heimsins (1992: 101–102). *Gandreið* var gífurlega vinsæl og skrifuð upp í mörgum handritum.

hann á hættu að vera bendlaður við galdra og kukl með ófyrirséðum afleiðingum.¹⁰ Í ritum Jóns kemur fram að hann studdist við skrif þýska endurreisnarspekingins H. C. Agrippa (1486–1535) sem að hætti sinnar tíðar sótti aftur til fornaldar, til dæmis í verk Aristótelesar, til hins grísk-rómverska Klaudiusar Ptolemiusar, nýplatónista og í kabbalísk fræði gyðinga. Frægasta verk Agrippa, *De Occulta*, var meðal annars til í bókasafni Brynjólfs biskups og séra Páll í Selárdal og Daði Jónsson sýslumaður vitna báðir til hans í ritum sínum um galdra, svo ljóst er að kenningar hans hafa verið vel þekktar. Agrippa var á móti galdraofsóknum og taldi að galdrar væru lykill að skilningi á guðdómnum og sköpunarverkinu (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 103–104; Lýður Björnsson 1976: 155).

Jón Magnússon óttaðist hins vegar um bandalag sitt við Guð og treysti á mátt eldsins til að eyða hinu illa út úr heiminum þegar guðsorð dugði ekki til. Hann gekk hart fram í að fá ætlaða andstæðinga sína brennda á báli, enda fannst honum hann vera varnarlaus og var smeykur um að fá ekki staðist krafta hins illa sem sótti að honum í sífellu.

¹⁰ Höfundur afbakar textann af ásettu ráði (Silja Hrund Barkardóttir 2003: 20–21. „[S]krifað undir rós og rótum sumra vana viðá“, segir höfundurinn sjálfur (Jón Daðason 1660: 15). Undir rósinni er falin merking fyrir þá sem kunna að leita, fyrir aðra er aðgengi að raunverulegri merkingu takmarkað (Silja Hrund Barkardóttir 2003: 19–25). Þorkell Arngrímsson frá Görðum bætti við ljóði aftan við *Gandreið* þar sem hann gefur til kynna að hann hafi skilið gátu Jóns í upphafi og þannig náð merkingu textans: „Glumraði *Gandreið*, Geymdi ég að rótum hins mæra megin viðar, þar eru æðar, ins ytra bruns, fær þá fár að kenna“ (Jón Daðason 1660: 17). Annan texta er að finna við lok inngangs *Gandreiðar* frá Dr. Guðmundus Berh. Laugardælis en þar segir meðal annars: „því þrísá ég, þessar þrumur, sem glaum og speki göfga boða, hafi heiður, handverksmaður, hvítu rúna hulinn kuflí“ (Jón Daðason 1660: 19).

Íslenskar særingar og máttur orðsins

Fræði H. C. Agrippa og íslensk særingahefð eiga það sameiginlegt að máttur hugar og orða er mikils metinn. Það skiptir máli hvað er sagt, af hverjum og hvernig. Í riti sínu um íslenskar þjóðsögur getur Jón Árnason þess að menn fyrri alda á Íslandi hafi haft trú á særingum sem vörn gegn:

[..] árásum djöfulsins og illra anda, galdri alls konar og sendingum, vofum og vondum mönnum [...] Særingar þessar voru síður en ekki álitnar galdrar, heldur miklu fremur öflug vörn við galdri og þótti þeim fylgja yfirnáttúrlegur og æðri verndarkraftur enda er víða í þeim heitið á persónur guðdómsins til fulltingis með öruggu trausti, jafnvel innan um sárbeittustu fáyrðin og forbæningar. Særingarnar kallast ýmist bæningar [...] eða stefnur án þess gjörður verði greinarmunur á bæn og stefnu, því hvort tveggja eru særingar.

(Jón Árnason 1954: 439–440)

Særingar voru gjörningur ætlaður til þess að fá æðri máttarvöld í lið með sér gegn galdri. Þær var hægt að þylja fram eða rista á fast efni í formi rúna. Dæmi um slíkt má finna aftur á norrænum fornöldum og er þá einkum vísað til Eddukvæða. Dæmi eru um að særing sem rist var á kefli á 13. öld og fannst á Jótlandi hafi einnig varðveist á kveisublöðum og í blóðstemmuversu fram til loka 19. aldar á Íslandi. Ljóst er að slíkar aðferðir áttu miklu fylgi að fagna þrátt fyrir að nýir síðir tækju við (Einar G. Pétursson 1989: 414).

Jón Árnason segir enn fremur um kraftaskáld:

Eins og von er til hefur jafnan þótt meir kveða að skáldskap og hann álitinn áhrifameiri en óbundin ræða hvort sem er til lofs eða lasts. [...] menn hafa haft þá trú að ef þeir ljóðuðu á mann að fyrra bragði og maður væri ekki viðbúinn að svara þeim aftur í ljóðum þá yrði sá maður vitlaus og kæmist á vald þeirra, en gæti maður svarað þeim aftur samstundis vísu yrðu árásir þeirra árangurslausar og þeir sneypust við það burtu.

(Jón Árnason 1954: 447).

Ákvæðaskáld eða kraftaskáld voru fyrst og fremst drifin áfram af því óræða dulmagni sem skapaðist þegar þau mæltu kvæði sín fram. Það er hugsanlegt að þau hafi tekið yfir hlutverk verndarans þegar kaþólsku dýrtingarnir voru settir af (Almquist 1965: 206–207).

Samkvæmt kenningum Bo Almquist er munurinn á særingum og kveðskap ákvæðaskálda sá að hið síðarnefnda á að hafa áhrif við eitt ákveðið tilefni. Mikilvægt var að hugur fylgdi máli og þannig mögnuðu orðin upp mátt þess sem særði þau fram (Almquist 1961: 74–76). Kvæði eins og „Snjáfjallavísur hinar síðari“ eftir Jón

Guðmundsson lærða og „Draumgeisli“ eftir Jón Daðason eru af ætt slíkra særinga og hafa oft verið talin séríslenskt fyrirbæri. Kraftaskáld komu ekki fram annars staðar á Norðurlöndum; svipað er að finna í menningu Íra en tengingar þar á milli eru óljósar. Þess vegna verða kraftaskáldin á Íslandi að teljast einstök í norrænni menningu (Einar G. Pétursson 1989: 417; Almquist 1961: 94).

Miðað við varðveislu og uppskriftir er ljóst að nokkur þessara særingakvæða hafa án efa verið notuð oft en einu sinni og verið vinsæl þó að upphaflega hafi þau verið gerð fyrir ákveðið tilefni. Það eitt að þau voru rituð niður staðfestir að fólk vildi ekki að þau féllu í gleymsku og í sumum tilvikum hafa varðveist svo margar uppskriftir að erfitt er að álykta annað en að þau hafi verið nýtt aftur í sama tilgangi.¹¹

Almquist bendir á að orðin kraftaskáld og ákvæðaskáld eru ung í ritmáli, eða frá 18. öld, en hann getur þess að í *Kvæðabók frá Vigur* frá 17. öld segi: „Nokkrir eru þeir sem halda að vor skáldskapur hafi furðanlegan kraft og verkan bæði um illt að gera og illu að afstýra, hvar kannski sæmi til megi finnast“ (Almquist 1961: 73; Jón Helgason 1955: 36 v). Ekki er annað að sjá en að ákvæðaskáld hafi löngum haft trú á mætti níðs gegn hinu illa. Í Gulapingslögum, sem talið er að stuðst hafi verið við eftir landnám og verið fyrirmynd að íslensku lögbókinni Grágás, er sérstaklega vikið að níði sem refsiverðu athæfi og því er ljóst að slíkur gjörningur hefur þótt áhrifamikill allt frá fyrstu árum Íslandsbyggðar. Til eru dæmi um skáld í norrænni fornöld sem tókust á við yfirnáttúrulegar verur með kveðskap og háðu við þær skáldleg einvígi. Enn fremur var níð notað í kveðskap til þess að hrekja óvini eða óvildarmenn á brott eða kalla yfir þá ógæfu (Almquist 1965: 208, 210–211).¹² Hugsanlegt er að íslenska særingahefðin eigi að mörgu leyti rætur að rekja til níðs og særinga úr fornri tíð þó ekki sé hægt að sýna fram á það með óyggjandi hætti. Þó er ljóst að gömul meðul eins og rúnir og rúnaristur voru sannanlega tengdar vörnum af þessu tagi á 17. öld og augljóst að slík framsetning var tengd gömlum siðum.

¹¹ Fjandafæla Jóns hefur t.d. varðveist í átján handritum. „Snjáfjallavísur“ og „Umbót eður friðarhuggun“ hafa varðveist saman í pappírshandriti sem talið er að sé frá 1660 (Einar G. Pétursson 1998: 107–111). „Draumgeisli“ Jóns Daðasonar hefur varðveist í tólf handritum (Guðni Jónsson 1941: 36). Svo virðist sem höfundur sjálfur ætlist til að aðrir geti notast við kveðskapinn en það kemur ekki heim og saman við kenningu Almquists. Einar G. Pétursson hefur einnig vakið athygli á þessu (1989: 420). Sjá nánar síðar í umfjöllun um „Draumgeisla“.

¹² *Snorra Edda*: Bragi Broddason (skáld og skáldlegt einvígi hans við tröllkonu). *Egils saga* (níð og níðstöng) og *Þorleifspáttur Jarls* (Jarlsníð) (Almquist 1965: 208).

Íslenskir særingamenn á 17. öld

Við upphaf 17. aldar höfðu kirkjunnar menn sífellt meiri áhyggjur af því að Satan og útsendarar hans væru að færast í aukana og þetta mætti merkja af virðingarskortri og áhugaleysi fólks við kirkjulegar athafnir. Leiða má líkur að því að þessar vangaveltur hafi ekki síður spröttið af dræmum áhuga alþýðunnar á því að fylgja lúterskum sið og þess vegna hafi kirkjunnar menn keppt við að skerpa á hinum illa anda og hans verkum, líkt og Lúter gerði sjálfur.

Páll Björnsson prestur í Selárdal (1621–1706) var einn af upphafsmönnum galdrahæðslunnar á Íslandi.¹³ Hann segir í riti sínu *Lilium inter spinas*: „Svo sýnist sem satan sé laus orðinn á þessari vondu tíð.“ Hann segir einnig: „Eigi það djöfullinn sé enn nú alla reiðu bundinn, að ei gáangi í kríng sem grenjandi león og ei sízt á þessari öldu, síðan hann var laus látinn, sem ei er ólíklegt, að skeð hafi annó 1601 eður annó 1598“ (Ólafur Davíðsson 1940–43: 26; Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 149). Þetta væri hægt að sjá af hnignun í mannlegu samfélagi og heiminum almennt. Líkami og sál voru í stöðugri hættu vegna útsendara djöfulsins: galdramannsins. Þetta viðhorf Páls er í anda kenninga Lúters og jafnvel eftir honum haft. Það virtist hafa verið takmark flestra djöflasæringamanna á 17. öld að yfirbuga djöfulinn sem lék lausum hala og ná að binda hann aftur fastan í víti. Þeir virðast hafa verið sammála Páli um stöðu djöfulsins í heiminum á þessum tíma.

Séra Páll trúði að til væru galdrasöfnuðir á Íslandi sem bæru djöflamenntir sínar saman úti í kirkjugarði á meðan guðsþjónusta færi fram. Hann vitnar væntanlega til alþýðumanna sem sýna hinum kristilegu yfirboðurum og boðskap þeirra fálæti (Páll Björnsson 1974: 48) Sem „galdrabækur“ flokkar hann meðal annars pápískar bænir, særingar og fyrirsöng. Páll nefnir sérstaklega rit Agrippa, *De occulta philosophia*, sem djöflabók en margir háttsettir kirkjunnar menn þekktu það verk og áttu það jafnvel í sínum fórum. Með því að biðja bænir, nota nöfn eða teikna tákn var yfirnáttúrleg orka virkjuð til góðs eða ills. Menn sem snérust á sveif með Páli töldu að allt slíkt brask væri djöflinum til dýrðar (Páll Björnsson 1976: 55; Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 113).

Talið er að Páll og fjölskylda hans hafi með framgangi sínum átt þátt í að sjö voru sakfelldir fyrir galdra og brenndir á árunum 1669–1684. Þeir voru sakaðir um að valda vanheilsu konu Páls, Helgu Halldórsdóttur, sona hans, Björns og Halldórs, og dóttur hans Helgu (Ólína Þorvarðardóttir 2000: 107–109).

¹³ Páll var mikill lærdómsmaður, vel að sér í náttúruvísindum og stjörnufræði og mikill tungumálamaður. Hann var afkastamikill og virtur fræðimaður á sínum tíma og eftir hann liggja ýmis verk, svo sem ýmsar skýringar og þýðingar á *Biblíunni* og *Vísdomsbók*, sem hann ritaði í anda *Gandreiddar* Jóns Davíðssonar. Hann hafði mikið dálæti á þessu nýstárlega verki Jóns og skrifaði það upp sjálfur árið 1674 (Hannes Þorsteinsson 1922a: 12; 1922b: 81).

Nokkuð víst er að Páll sjálfur og kona hans Halldóra hafi beðið um særingakvæði sér til handa. Varðveist hefur handrit í safni Árna Magnússonar sem inniheldur átta særingakvæði þar sem er minnst á þau hjón. Um Pál segir þar meðal annars:

Friðinn oss gefðu góður
græðarinn allrar mæðu
sælum síra Páli
send þú gleði vel kenda
einum þénara þínum
þarfur sá Björns er arfi
hann [hefur] hrelt að sönnu
hræðilegt angrið skæða.

Í næsta kvæði segir:

Helga biður þig Halldórsdóttir
herra guð, að aumka sig
því að hún reynir nauða nógtir
nú virzt líka að heyra mig
svo af henni hverfi angur og sóttir
sem af hlýzt neyðin háskalig

(Sigurður Skúlason 1930: 363)

Talið er að kvæðin séu ort á árunum 1668–9 þegar mest gekk á í Selárdal en í þeim er því lýst hvernig hjónin þurftu að flýja illan anda sem gerði þeim lífið leitt og óskað er eftir vernd fyrir heimili þeirra. Þessi kvæði benda til að varnir gegn illum öndum hafi verið almennt viðurkenndar, þó hugsanlega ekki opinberlega nema ef þeir sem fóru með þær voru kirkjunnar menn, viðurkenndir sérfræðingar og valdhafar í andlegum og trúarlegum málefnum, enda er kvæðið ákall til hins guðlega um aðstoð gegn hinu illa. Það var ekki sama hvernig djöfulinn var kveðinn niður.

Á þessum sama tíma tók Páll saman ritið *Character bestiae* en þar greinir hann frá myrkráhöfðingjanum, verkum hans og þjónum, göldrum og fordæðuskap í bland við austurlenska töfraspeki. Margt sem kemur fram í *Character bestiae* er tekið nánast orðrétt upp úr *Nornahamri* Krämers og Sprengers en með riti sínu reyndi Páll að sýna fram á og sanna að galdrar væru raunverulegir (Hannes Þorsteinsson 1922a: 13; 1922b: 81; Ólína Þorvarðardóttir 2000: 105–106). Páll segir þar um særingar:

Ég býð þér í nafni Jesús Krists Nazareii, að þú rýmir og sért hér ei lengur. Þetta er sú rétta særing, þessi máttur djöfla og drífa, þessi stutt formúla, þessir öflugir characteris, með hvörjum ákallast almættið og gjöra furðuleg verk, þessi lærdómur sannur, þessi lapis philosophicus, miklu æðri alchemista potta soðningu, sá hyrningasteinn allrar byggingar, þessi kviður vorra helgidóma, þess sannarlega kennimanns minningateikn, þessar vorar ceremoníur, sem djöfulinum bægja, fáyrtaf, hægur í hendi og auvirðilgar

[svo] vexti, þessi konst er himninum hærri, helvíti dýpri, frí alls háska, vofrur forsmáandi, skugganna óvinur, hatar líkneskin og þurft víns eða reykelsis, yfirboðari álfa, djöfla og trölla [...] á flótta rekandi.

(Páll Björnsson 1967: 148)

Jón Daðason er dæmi um kirkjunnar mann sem stundaði særingar með sterkum kristilegum formerkjum og yfirbragði. Hann ávarpaði guð fyrst og fremst og þess vegna voru verk hans viðurkennd af valdamönnum. Menn eins og Páll Björnsson hrifust af nýstárlegum hugmyndum Jóns sem komu fram í *Gandreid*. Ef slíkt rit hefði komið frá alþýðumanni hefðu verk hans eflaust verið dæmd sem fordæðuskapur og hann endað líf sitt á báli.

Alþýðumenn eins og Jón Guðmundsson lærði notuðu eigin aðferðir og vitnuðu til gamalla siða sem á þessum tíma voru útmálaðir sem fordæðuskapur. Jón var hundeltur þar til hann sat uppi slyppur, snauður og heilsulaus. Kirkjubólsefðgar, sem urðu fyrir ásóknum Jóns Magnússonar, eru einnig dæmi um menn sem taldir voru kunna að beita vörnum af ýmsu tagi. Þeir hlytu að hafa gefist djöflinum á vald fyrst þeir hefðu styrk til að takast á við æðri máttarvöld. Jóni Magnússyni tókst að sannfæra valdamenn um þetta og feðgarnir enduðu líf sitt á báli.

Páll brýnir þó fyrir mönnum að ekki sé allt sem sýnist og að í sumum tilvikum sé hægt að tengja djöflaveikina við melankólíu eða depurð. Hann segir að hennar gæti þegar svartagallið magnast í líkamanum og hefur áhrif á huga og heila. Páll vísar í kenningar Levinis Lemnius, Galenosar og fleiri um tengsl vessa og viðkvæmni fyrir áhrifum djöfulsins. Menn gátu verið daprir án þess að vera haldnir djöflinum og við slíku ástandi áttu lækningar þess tíma ýmis ráð, til dæmis blóðtöku. Enn fremur hafði Páll trú á að menn gætu ímyndað sér alls kyns kvilla og verið haldnir ótrúlegasta hugarburði og ofskynjunum ef þeir væru of hræddir við djöfulinn og treystu ekki á hjálpraði Drottins (Páll Björnsson 1976: 86–87).¹⁴ Margt í frásögn Jóns Magnússonar í *Píslarsögu* kemur heim og saman við þessa undantekningu Páls. Hann lýsir óttanum við að tapa tengslum við guðdóminn og baráttu við depurðina en hann tvinnar hana og ásókn djöflanna saman í eitt.

Gerður var greinarmunur á hvíta- og svartagaldri eftir því hvort fjandinn eða guð voru ávarpaðir en sum skáld þræddu bil beggja og þá var erfitt að segja til um hvort væri. Jón lærði Guðmundsson var sannarlega einn af þeim sem Páll vitnar til og lýsir í *Character bestiae* sem útsendurum andskotans: „[...] sami djöfull hefur mun nú á vorum dögum hafa þetta skáld, Jón Guðmundsson, sér útvalið til að legáta meðal þeirra, sem gjarnar trúa lyginni en sannleikanum“ (Páll Björnsson 1976: 103). Margir höfðu trú á hæfileikum Jóns

14 Sjá einnig nánar Johann Weyer 2000: 95–105 .

lærða til góðra verka og fengu hann til liðs við sig í baráttunni við hið illa, meðal annars menn á Snæfjallaströnd, en Jón samdi magnaða fjandafælu af því tilefni og verður nú vikið að henni.

Jón lærði Guðmundsson

Snjáfjallavísur hinar síðari

Jón lærði Guðmundsson (1574–1658) fæddist í Ófeigsfirði á Ströndum. Foreldrar hans voru Guðmundur Hákonarson og Ingveldur Einarasdóttir en móðurafi Jóns var séra Indriði Ámundason sem var vikið úr embætti af Gísla Jónssyni, þriðja lúterska biskupnum í Skálholti, sem var einna einarðastur í að uppræta kaþólsku. Gísli hikaði ekki við að víkja mönnum úr embætti sem héldu sig enn við kaþólsku eða voru óduglegir við að byggja upp lúterskan söfnuð. Hann vék Indriða úr embætti fyrir slíkar sakir en líklegt er að Indriði hafi verið einn þeirra kirkjunnar þjóna sem þráaðist við að meðtaka hinn lúterska sið (Jón Halldórsson I 1903–1910: 130–131). Jón minnst afa síns í riti sínu *Ættir* og virðist hafa verið honum náinn á fyrstu æviárunum:

Séra Indriði Ámundason var ektamaður Guðlaugar, minn móðurfaðir. Eg var þá fimm vetra, þegar Guðlaug amma mín deyði, en níu vetra, þá séra Indriði sofnaði. Slíkir eru nú færri. Eg bar honum vatn opt þau þrjú hans síðustu ár.

(Jón Guðmundsson 1902: 707–708)

Í ritinu *Tíðfordrifi*, sem Jón tileinkaði Brynjólfi Sveinssyni biskupi, segist hann hafa alist upp hjá föðurafa sínum Hákonu Hákonarsyni en líklegt er talið að hann hafi komið til hans um sautján ára aldur og ekki farið þaðan fyrr en afi hans lést sjö árum seinna (Einar G. Pétursson 1998: 60–62).

Báðir afar Jóns, sem virðast hafa haft sterk áhrif á uppeldi hans, voru menn hins kaþólska tíma, annar prestur en hinn handverksmaður. Jón lýsir eigin hugrenningum um siðbreytinguna í ævikvæði sínu „Fjölmóði“. Greinilegt er að Jóni er eftirsjá að kaþólskum tíma; hann ólst upp við kaþólsk viðhorf sinna nánustu og nýtti kaþólsk meðul til aðstoðar sínum samferðamönnum. Í viðbótinni „Restans eða ró[f]unni“ á eftir „Fjölmóði“ líkir Jón siðbreytingunni við ragnarök og kaþólskunni við ilmandi jurt sem er slitin upp með rótum og ausin leir, ösku og saur. Jón kvartar undan því að orðin séu sett í forgang en gjörðir felldar úr gildi. Hann segir að hinir þýsku lútersmenn láti dæluna ganga en það sé aldrei neinn sjáanlegur árangur af því:

Fjörutíu árum
fyrir fæðing mína
töldust á lopti
teikn margbreytin,
ragnarökkursins
reykur og svæla
gaus á eftir,

sem guð betri.

[...]

Akursins kjarni,
ilmandi sætleiki
upp var sniðinn
með öllum rótum,
en í staðinn
ausið leiri
borin á aska
með bleytu og sauri.

[...]

Sett var orðhelgi
í stað verka
gerðu það vorir
góðu þýzkir,
mætti það duga
að munnur pulaði
þó að ávextir
aldrei sæjust.

(Jón Guðmundsson 1916: erindi 27, 31 og 33)

Árin 1611–1612 áttu menn í basli með draugagang á Snæfjallaströnd en mest kvað að honum á prestsetrinu Stað. Margir höfðu verið kallaðir til, þar á meðal hinn víðkunni Þorleifur Þórðarson, jafnan kallaður Galdra-Leifi. Ekki dugðu meðul hans nema síður sé, því djöflagangurinn eflidist til mikilla muna. Jón var þá fenginn til verksins og samdi hann fjandafælu sína, „Snjáfjallavísur fyrri“ og seinna „Snjáfjallavísur hinar síðari“ og „Umbót eður friðarhuggun“, sem óljóst er hvort sé niðurlag „Snjáfjallavísna hinna síðari“ eða sjálfstætt kvæði (Einar G. Pétursson 1998: 111).¹⁵ Eitt af þessum þremur kvæðum, „Snjáfjallavísur hinar síðari“, þykir eitt magnaðasta særingakvæði sem samið hefur verið á Íslandi (Jón Þorkelsson 1936: 86).

Jón dvaldi á Snæfellsnesi á þriðja áratug 17. aldar. Mikið var um sjómenn á þeim slóðum, fjölmennar verbúðir og mikið útræði. Þekking Jóns á varnargaldri og lækningum aflaði honum vinsælda meðal útróðramanna og almennings á Snæfellsnesi og talið er að hann hafi staðið að því að mennta fólk í fræðunum og selt kver til þeirra sem þess óskuðu. Eitt þeirra kallaðist *Bót eður viðsjá við illu aðkasti* en það olli Jóni lærða talsverðum vandræðum þar sem það jók á sögusagnir um að hann væri göldróttur (Páll Eggert Ólason

¹⁵ Í fyrsta hluta Snjáfjallavísna fyrri er sagt frá falli Lúsifers af himnum og hvernig heimurinn spilltist og djöflunum fjölgar. Síðan er sagt frá sögu heimsins í tengslum við djöfulinn og freistingu Adams og Evu en endað á Kristi sem leysir mannkynið undan syndunum og stígur síðan upp til himna. Þetta var algengt efnisval á undan særingum til að sýna fram á sigur guðdómsins og minna á að það þurfti ekki að óttast ósigur gagnvart djöflinum. Síðan komu særingarnar í kjölfarið og nítján erindi í lokin sem lofgjörð til almættisins. Uppi eru kenningar um að Umbót eður friðarhuggun Jóns lærða sé niðurlag Snjáfjallavísna hinna síðari, en það kvæði er kristilegt og auðmjúkt ákall til Drottins (Sigurður Skúlason 1930: 357–358; Einar G. Pétursson 1998: 108–111).

1916: 20–21). Uppvíst varð að ritlingur frá Jóni gengi manna á milli í uppskriftum þegar séra Guðmundi Einarssyni á Staðarstað bárust tvö samhljóða eintök frá séra Sigurði Finnssyni í Miklaholtshreppi og Sigurði Oddssyni (Matthías Viðar Sæmundsson 1992:18).

Séra Guðmundur skynjaði að kennsla Jóns lærða varð til þess að menn yrðu víðsýnni og tækju trúna ekki eins alvarlega. Hann fann til áhugaleysis og óróa við messur þegar fólk átti að hlusta af einbeitingu og innlifun á boðskapinn (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 17–18). Jón hélt sig ennþá við kaþólskan hugmyndaheim og með því að deila þekkingu sinni viðhélt hann kaþólsku viðhorfi til varnar gegn hinu illa, en einnig gagnvart hinu guðlega.

Þegar alþýðumaður eins og Jón Guðmundsson teygir sig að brún valdsins verður að sjá til þess að rödd hans þagni. Séra Guðmundur og margir aðrir prestar og embættismenn í æðstu stöðum skynjuðu að slíkt mátti ekki líðast til lengdar; vald þeirra og réttlætning þess var í húfi. Guðmundur kvartaði sérstaklega undan því að valdsmenn á Íslandi stæðu sig ekki í því að bæla niður galdraiðkun og galdramenn (Þorvaldur Thoroddsen 1898: 45.)

Þegar Guðmundur gerði sér grein fyrir vinsældum Jóns tók hann til við að skrifa rit sem í daglegu tali er nefnt *Hugrás* en það varð aðaluppistaðan í íslenskri djöflafræði og byggir að mörgu leyti á gögnum úr sarpi Jóns.¹⁶ Guðmundur reyndi að sýna fram á að rit Jóns væru ekkert nema kreddur, guðlast og andstaða við kristna trú. Slíkrar þekkingar væri ekki hægt að afla nema í samstarfi við djöfulinn og undir hans áhrifum. Guðmundur taldi að kölski hefði blekkst Jón og látist hoga undan særingum hans en staðreynd málsins væri sú að fjandinn hefði hertekið sál Jóns og annarra ómenntaðra manna sem tóku mark á orðum hans (Þorvaldur Thoroddsen 1898: 46; Páll Eggert Ólason 1916: 20–21; Einar G. Pétursson 1998: 107–117). Guðmundur greinir frá því í *Hugrás* að í tveimur samhljóðandi galdrakverum sem honum hafi borist, og sögð eru vera frá Jóni komin, megi finna ráð og lækningar sem ætluð séu til að verja sál og líkama gegn ásókn, sumar ættaðar úr kabbalískum galdri. Enn fremur er áðurnefnd fjandafæla Jóns, sem varð til um 16 árum áður, tekin sem dæmi um óguðlegar kenningar af djöfullegum uppruna (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 17–19, 117; Einar G. Pétursson 1998: 112–115).

Séra Guðmundur var í miklum ham, lét valdsmenn hafa það óþvegið og sagði þá vera sofandi yfir málefnum galdramanna. Ari sýslumaður í Ögri svaraði fyrir sína stétt í ritgerð árið 1630 en í henni má sjá að veraldlegir valdhafar voru ekki eins uggandi um hættuna og kirkjunnar menn. Ari hælir jafnvel Jóni lærða fyrir að auka þekkingu manna á

¹⁶„Hugrás. In versutias serpentis recti et tortuosi. Það er Litil hugrás yfir svik og vélræði djöfulsins, sem stundum gengur réttur, stundum hlykkjóttur, að spilla mannkynsins sálhjálp. Samanskrifað Anno 1627 af Guðmundi Einarssyni“ (Sigurður Skúlason 1926. *Hugrás*. Óprentað handrit: SÁM 53).

göldrum svo þeir geti varið sig og upprætt hið illa og segir ekki veita af þar sem almenningur og valdsmenn séu illa að sér. Af þessu má draga þá ályktun að á veraldlegum mælikvarða þessa tíma hafi ennþá verið til góðir galdrar og slæmir. Ari bendir einnig á að sýslumenn vanti tæki til þess að dæma í málum galdramanna. Í *Jónsbók* sé aðeins talað um að vekja upp tröll og heiðni sé svo vítt hugtak að ekki beri öllum saman um hvað flokkist þar undir (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 20).

Ljóst er af ummælum Guðmundar Einarssonar að Jón var virtur meðal fólksins en Guðmundur sjálfur kepptist við að tengja hann djöfullegum heimi. Hann segir að Jón sé „fyrir þennan sinn munnsaur og aðrar kenningar sínar og kraftaverk ekki í minna afhald kominn hjá mörgum en skurðgoðið Beelsebub varð í Accaron forðum [...]“. (Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 19). Guðmundur heldur því sem sagt fram að Jón njóti aðdáunar líkt og Beelsebub, prins djöflanna sem er næstráðandi á eftir Satan, og að auki hrjóti af vörum Jóns munnsaur að djöfla sið. Það er ekki síst með slíkri orðræðu sem reynt var að tengja Jón og starf hans við djöfulinn og svartan galdur. Skítur er náttúrulegt umhverfi djöfulsins og allt sem hann segir eða hans fylgjendur er af sama meiði. Íslenskir helgisagnaritarar á 14. öld miðluðu hugmyndinni um helvíti þar sem óbærilegur fnykur af ýmsu tagi var ríkjandi, ekki síst af saur, enda er óbærilegur daunn ein af höfuðpíslunum og kemur einkum úr munni púka og dreka í neðra (Aðalheiður Guðmundsdóttir 1992: 37). Orð og óp myrkravera jafnast á við saur, samanber skítadauninn sem talinn er berast úr munni þeirra (Davíð Erlingsson 1994: 140).

Þegar þarna er komið sögu í riti séra Guðmundar hefur alþýðulæknirinn og -fræðimaðurinn fengið stöðu andsetins galdramanns. Guðmundur gerði sitt ítrasta til að kasta rýrð á lækningar og störf Jóns og beina fólki frá honum með því að tengja þekkingu hans við hið forboðna. Áður hafði verið viðurkennt að hægt væri að leika á djöfulinn og kveða hann niður en nú var svo komið að þeir sem höfðu unnið gegn djöflinum voru sagðir ganga erinda hans. Séra Guðmundur segir enn fremur um Jón og vinsældir hans árið 1627:

[...] þá hafi hann tilkrafinn og knúinn af andlegu valdi sem veraldlegu djöflana út rekið og hendur yfir sjúka lagt með lesningum og bænum, og því lík sín þjónustugjörð hafi í þann tíma svo þökkuð verið almennt svo sem hjálp og stoð af himnaföðurnum sjálfum send. [...] Þessi sami maður hefur með svo smekkgóðri beitu hér á kjálka um stundir dregið að sér heimulega og vitgranna menn, sem meir hafa elskað, svo sem Krítarmenn forðum, djöfulsins lygar, sér og sínum sálum til glötunar [...] gáfur þykir þeim hann hafa af guði þegið, þó honum sé ekki trúað né gegnt, en aðrir menn, þó biskups-, prófasts- eða prestnafn beri.

(Matthías Viðar Sæmundsson 1992: 19–20).

Með slíkum skrifum var fólk hrætt og látið finna til varnarleysis og að sama skapi var öryggi þess ógnað. Margir lúterskir prestar voru einna fremstir í flokki við að gagnrýna áhrifamenn af alþýðustéttum, ef til vill vegna þess að fólk sem stundaði alþýðulækningar var enn bundið ýmsum kaþólskum og heiðnum siðum sem gróf undan trúverðugleika hins nýja siðar og valdakerfisins í kring um hann. Traust á ákvæðaskáld og alþýðulækna var véfengt og þeir útmálaðir sem útsendarar andskotans. Máttur þeirra til þess að ráðast að hinu illa var ekki raunverulegur heldur voru þar sjónhverfingar djöfulsins að verki ætlaðar til að fá fólk á hans band.

Lúter talaði einnig um andstæðinga sína sem andsetna menn sem gengju erinda djöfulsins. Í bréfi til Nicholas Von Amsdorf í júlí 1521 segir hann um Jerome Emser:

Philip sagði mér frá því í bréfi að þú hygðist svara Emser ef mér myndist það hyggilegt. En ég er hræddur um að hann sé ekki svara þinna verður. Á hinn bóginn er hann líklegur til að hlæja og hæðast, ef einhver af hinu yngra fólk mun svara honum, vegna þess að hann er fylltur af Satani. Andinn sem geisar í honum grípur til sín orðin, aðeins til þess að hæðast að þeim; en hann hunsar umræðuna sem liggur að veði. Hvað sem gerist, ef þú eða þitt fólk svarið honum, verið þá meðvituð um að þið eigið í höggi við illvígan anda og þið séuð ekki að tala við mann. Hann sjálfur [Emser] skilur ekki hvað hann segir; andinn sem ráðskast með hann, í sjúkuleika hinnar lævísu öfundar, á leið til hamslausrar heiftar, segir allt í þeim eina tilgangi að reita til reiði og hæða. [...] Hefði ég gert mér grein fyrir því fyrir að Emser væri haldinn djöfli, þá hefði ég plagað djöfulinn af mikilli heift. En án þessar vitneskju hefði ég samt sem áður þjakað hann kröftuglega. [...] Þessi djöfull, háðungsleisti, mun svo sannarlega endurtaka fyrri syrpur af reiði sinni gagnvart honum [Peter Swawe, sem átti rimmur við djöfullinn í annarri mynd og kom til greina þegar átti að svara Emser].

(Luther 1981: 265–267).¹⁷

Í hinu magnaða særingakvæði Jóns, „Snjáfjallavísu hinum síðari“ er tekist á við djöfulinn án milliliða. Orð voru kröftug á þessum tíma; ef ljóðmælandi sagðist geta yfirbugað andstæðinginn og niðurlægt hann var hálfur sigurinn unninn. Hægt er að sjá líkindi milli Snjáfjallavísna og forns níðkveðskapar. Þar er djöfullinn kallaður ragur, blauður og grey sem eru gamalkunnug hugtök þegar níð er annars vegar. Með níði er þeim sem það beinist að óskað meins og viðkomandi vændur um hugleysi eða aðra veikleika á þeirra tíma mælikvarða (Almquist 1965: 200).

Marteinn Lúter sagði um mikilvægi lítilsvirðingarinnar gagnvart djöflinum:

¹⁷ Jerome Emser var í fyrstu fylgismaður Lúters en hafði þegar þarna var komið sögu snúist gegn stefnu hans.

Þú átt að fagna freistingu djöfulsins vegna þess að hún er tákni frá Guði um að hann sé þér hliðhollur og líknsamur. Þú segir að freistingin sé þyngri en þú getur þolað og þú óttast að hún muni fá þig til þess að breyta og berast niður til örvæntingar og guðlasts. Ég þekki þessa klæki djöfulsins. Ef hann nær ekki að brjóta manneskju niður við fyrstu tilraun mun hann halda áfram að hamast í henni og veikja þar til að hún játar sig sigraða. Þegar þessa freistingu ber að höndum skaltu varast að rökræða við djöfulinn og dvelja við lífshættulegar hugsanir, það jafngildir því að gefa eftir og leyfa djöflinum að fara sínu fram. Reyndu eins og þú getur að hunsa þessar hugsanir sem eru framkallaðar af djöflinum. Þegar svona freistingu og baráttu ber að höndum er fyrirlitningin vænlegust til sigurs gagnvart honum. Sýndu andstæðingi þínum lítilsvirðingu með því að hlæja hæðnishlátri og spyrðu við hvern þú talar. Fyrir alla muni forðastu einsemd, vegna þess að djöfullinn liggur fyrir þér þegar svo stendur á. Þessi djöfull verður sigraður með því að skopast að honum og fyrirlíta, ekki með því að standa á móti honum og rökræða við hann.

(Luther 2003: 85)

Segja má að Snjáfjallavísurnar séu það sem kallað er manandi særing en slíkar særingar voru gjarnan samdar við eitt ákveðið tilefni (Einar G. Pétursson 1989: 411). Snjáfjallavísurnar virðast þó hafa varðveist vel og ekki er loku fyrir það skotið að þær hafi verið notaðar oft en einu sinni við mismunandi tilefni.

Jón tekst á við djöfulinn af miklu öryggi í Snjáfjallavísu og treystir á eigin kraft og kunnáttu. Það þykir varhugavert viðhorf í lúterskum heimi þar sem manneskjan á að leggja allt sitt traust á Guð og fela sig algerlega í hans hendur. Fyrstu versin boða ekki gott fyrir kölska því þar er hann rakkaður niður og lýst er á myndrænan hátt hvernig ljóðmælandi hyggst yfirbuga hann:

Far niður, fýla,
fjandans limur og grýla;
skal þig jörð skýla,
en skreytin aursíla;
þú skalt eymdir ýla
og ofan eftir stíla,
vesall, snauður víla;
þig villi óheilla brýla.

Bind eg þig til basta,
bróðir steinkasta,
lygifaðir lasta,
laminn í eynd hasta;
ligg þú í fjötri fasta
um fjögur þúsund rasta;
þar skal bistur brasta
í bölmóð heitasta.

Sný eg að þér bandi,
snauður djöfuls andi,
biturlegum brandi

þig bannfærandi,
gleipnir grandi
gegnmyrjandi;
þau atkvæðin standi
óbifandi.

(Jón Guðmundsson 1936: 86)¹⁸

Hrynjandinn virðist vera mjög mikilvæg og hún gerir kvæðið áleitnið og áhrifamikið en bragurinn er ekki alveg samfelldur út í gegn. Það skiptast á kaflar þar sem runurím er ríkjandi og lengri erindi sem eru eins konar millikaflar þar sem rímið er innan línunnar sjálfrar eða á víxl í enda lína.

Fyrstu þrjú erindin eru öll átta línur með stuðlum og höfuðstöfum. Í hverju erindi eiga línurnar það sameiginlegt að lokaorðin ríma saman niður úr, svokallað runurím. Þessi tilhögun gefur það til kynna að erindið sé flutt í belg og biðu og hafi svipaðan áhersluhljómi í enda hvers línu. Í næsta hluta kvæðisins, sem kallaður hefur verið „Tröllaslagur“, heldur ljóðmælandi áfram og lýsir aðförunum nánar:

Búkur strjúki burt vakur
bolur óþolur, í holur,
marður, barður, meinsærður
meltist, smeltist, fráveltist;
dökkur sökkvi djöfuls skrokkur
í dímму stímmu þá rímmu;
okaður, slokið illskuhrak
hjá öndum, þeim fjöldum, í böndum;
nísti hann svo niður
nálægur kliður,
skemmur, hrifinn,
skrykkur, hnykkur
skammar limur og liður
fyrir orðanna hniður
og ummælanna sniður.

(87)

Erindið er sextán línur og framan af eru stuðlar og höfuðstafir á sínum stað en hrynjandi er önnur vegna þess að allur gangur er á ríminu í enda línanna; áherslan er á innra rím innan sömu línu. Línulengdin er misjöfn, allt frá einum upp í fjóra bragliði, en taktfastar áherslur minna á tilganginn: að kveða fjandann í kútinn. Í stað þess að flytja allt í belg og biðu verður meira stökk í flutningnum. Tröllaslagurinn er eins konar hryðja á eftir stöðugri hrynjandi. Fyrstu þrjú erindin virðast vera undirbúningur fyrir Tröllaslaginn þar sem meiri kraftur er settur í flutninginn, runuríminu er skipt út og valin hljómmikil og stríðari orð.

¹⁸ Hér eftir verður vitnað til sömu útgáfu með blaðsíðutali.

Í næsta hluta ljóðsins, sem nefnist „Strengur“, er aftur vikið að sama formi og var í upphafi; þrisvar sinnum átta línur með runurími í endann. Í þessum hluta dregur Jón upp mynd af viðureign mannskepnunnar við djöfla og lýsir hvernig hann sér þennan bardaga fyrir sér.

Skarpt skal skot smíða
þér, skemmdin ófríða,
nísta þig og níða
fyrir nauðmagnan stríða;
skaltu nú héðan skríða,
en skeinan ber svíða
skakinn með háð hríða
í heljar gný víða.

Eg býð þér víst víkja,
þú vesall djöfull díkja,
mun eg til málið mýkja,
þér meinhagyrðin ýkja;
þú þarft ei snauður sníkja,
snápurinn rauna ríkja,
óvins eptirlíkja,
eitruð skammar skríkja.

Fúli fjandans bolur
fari í vítis holur;
angrist æ óþolur
hinn aumi heljar kolur;
þær flæmist argar fýlur
um fjögur þúsund mílur,
skrattans skemmdar grylur
skreiðist frá með ýlur.

(87–88)

Ljóðmælandi lýsir mætti orðanna; þau eru eins og skot sem nísta djöfulinn. Hann er níddur og niðurlægður svo að hann skreiðist særður í burtu undan orrahríðinni sem á honum dynur. Mikil áhersla er lögð á að hann fari aftur ofan í sína helvítisholu þaðan sem hann losnaði. Jón er því sammála Lúter um að það þurfi að binda djöfulinn fastan á ný. Hann kallar djöfulinn argan og býður þessari eitruðu eftirmynd fjandans að víkja frá og hverfa ofan í jörðina þar sem hann á heima og allt hans hyski.

Næsti hluti kallast „Stefið“ og þar er enn frekar barið á kölska:

Gegnum meгна gauðragn
gangi fleinn, meinteinn óbeinn;
þig myrji, smyrji mækir blár,
mylji, hylji, frá skilji;
remma skammar rómgrimm
rjúki, strjúki, svo fjúki;
í grunnið renni greyið senn,

gleypist, sneypist og steypist;
skaltu skjótt hrynja,
skemmdar forynja,
ofan í vítis afgrunnið, hin armasta linja;
munu þá skauðin skynja,
hve skeytin á dynja.

(88–89)

Hér er djöfullinn stunginn á hol, marinn og steypit ofan í helvíti. Honum er lýst sem greyi, aumum vesalingi og rolu sem mun hrekjast niður til heljar undan orðaskeytum kveðandans. Þetta stef er eins og Tröllaslagurinn, hryðja á eftir stöðugri hrynjandi, en síðan tekur runurímið við á ný:

Djöfull þér bistor eg banna
bæinn og hús manna,
gegnrak grundanna
og grýting steinanna,
allra hlutanna,
elementanna,
skotbrögð skaðanna
og skelfinganna.

Bresti nú í sundur
bölvuð djöfuls undur,
sökkvist heljar hundur;
hinn háðuglegasti kundur;
brenni títt sem tundur
tramanns lymsku lundur;
kröptugur mæðar mundur;
þig mæði, þrjózku þundur.

Meinsærður meiðist,
móður héðan skreiðist,
bölvanlegur bleyðist,
á brögðunum leiðist,
ragur fjandi reiðist,
raun þig á breiðist,
gatan í djúpið greiðist
og grunnið svart seiðist.

(89)

Djöflinum er beint frá mannabústöðum og bannað að gera óskunda eins og grýta steinum og innanstokksmunum eða nota krafta frumefnanna til þess að hræða fólk. Ljóðmælandi óskar þess að djöfullinn bresti í sundur og sökkti til helvítis undan orðaflaumnum. Hann er ragur, móður og meiddur þegar hann skríður bleyður burtu í uppgjöf og svart hyldýpið í neðra liggur beinast við. Næst tekur við „Stefið“, önnur hryðja:

Særður, færður, svikharður
sendiár óklár í útkrár
magnaður gegnum moldgögn,

mynd slæm, viðkvæm og voðanæm,
býinn flýi bölgrey,
banna ég, nefnilega neinn veg,
brögð lögð og bylslægð,
braukið, slaukið sé lokið;
fjandalegust fýla,
fljúgi á þig píla;
þú skalt fyrir þinn harka hrekk í helvíti hvíla;
biturleg orða bíla
þig brytji, grimmdar grýla.

(89–9)

Ljóðmælandi leggur áherslu á eyðingarmátt orðanna. Fyrri „Málaversin“ hefjast á stöðugri hrynjandi með runurími.

Nú kemur níð,
nauða hörð hríð,
yfir djöflum diktað smíð
þá deyfi um æfitíð,
skemmdar andana hylji
hin harðasta helnótin flugvíð.
Skemmdur skammar limur,
skrattanna þrunginn þrymur,
verði á vondum svimur,
víktu frá harka hrymur;
stríðdjöfull bölvaður, steinkasta bróðir,
steypist ofan í vellanda vimur.

(90)

Ljóðmælandi tekur sérstaklega fram að níð sé í uppsiglingu. Hann lýsir enn á ný mætti orðsins og þess sem hann hefur samið sérstaklega til höfuðs djöflinum. Níðið fleygist yfir andann eins og helnót og þannig steypist hann ofan í helvíti sem vellur undir. Kveðandinn magnar upp orðin með því að lýsa áhrifum þeirra enn frekar.

Stritharður strangormur einn,
þig stingi flugnæmur fleinn;
far niður fjandi óhreinn,
fúaskrípið, níðlegur teinn,
bölskræfan beljandi,
bundin í helvíti,
mjög meinfastur,
niðurbarinn, bystur
og sem bjargfastur steinn.

Heim stefni eg fjanda,
þeim helvízka anda,
gegnum láð landa
í löginn vellanda;
þeim skal viðju vanda
og versta brugg blanda;
fastur í fjötri banda
skal flugormurinn standa.

Bandagormurinn gleiði,
þig guðs son burt sneiði,
lymskur árin leiði,
þig límdan á breiði;
ryð eg þig burt með reiði,
ríf sundur og meiði;
belgdur sért með bleyði,
þig bæði særi og neyði.

Helvízkur hrökkvi,
héðan á burt stökkvi
raunadjöfull dökkvi,
svo dvíni ráðklökkvi;
satans limurinn sökkvi,
svikanna níðs nökkvi,
fjandur burt flökkvi,
en falsið útslökkvi.

(90–91)

Djöfullinn er af ætt höggorma og hann á von á að fá flein í gegnum sig og verða rutt burtu af guðssyninum og reiði ljóðmælandans, sem særir hann og neyðir til að stökkva á brott.¹⁹ Hinn dökki djöfull sem veldur mannaunum á enn að sökkva og missa vald sitt. Í þessum hluta kvæðisins er komið inn á samband djöfulsins við hið guðlega og vitnað til þess að hann á að festa aftur í þann fjötur sem honum var ætlaður. Ljóst er að ljóðmælandi vonast eftir aðstoð og samvinnu hins guðlega þó að hann leggi sjálfur fram alla sína krafta og hefur trú á þeim.

Þessu næst kemur annað Stef:

Skeyti heitu eg skotið læt
skrattans þegn í gegn með megn;
brenni, renni bölið inn
í breytinn, skreytinn, áleitinn;
ryttan gretta rými skjótt,
ragur fjandi, meins andi grýtandi;
um aldir haldist æ belldur
í eisu kreisu fyrir reisu
níðingurinn nauða,
nam við kauða,
skriðinn í vítis skringi steit,
sá skemmd er allra skauða,
djöfull í báli dauða
fyrir dreyrann Kristí rauða.

(91–92)

¹⁹ Eitt helsta myndtákn djöfulsins frá upphafi kristni er höggormur. Í fyrstu Mósebók segir að höggormurinn hafi verið slægasta dýr merkurinnar. Hann freistar Evu og Adams og Guð bannfærir hann í kjölfarið (I. Mósebók.3.1–16).

Hér er rímið breytilegt en það koma fyrir aðalhendingar innan sömu línu. Í lokin er nánast órofið runurím á nýjan leik. Hinn kristilegi tónn öðlast meiri áherslu í þessu vers; djöfullinn mun brenna á báli eftir ósigur undan blóði Krists. Í næstu málaversum tekur við nánast samfelld runurím fyrir utan sitt hvora línuna í fyrsta og þriðja hluta. Þar er áhersla lögð á ósigur djöfulsins og varnirnar sem bíða hans eða hans undirsáta ef þeir hyggjast snúa aftur.

Límdur, klemmdur, knúður,
köfunar andi óprúður,
hlaðist á heitur hrúður,
hart sé skakinn og dúður,
haldist það um aldir,
í þeim heljar herfjötrum
hann verði laminn og lúður.

Bannsyng eg bölván þá
burt úr hverri krá,
djöflar þeir drífi frá,
sem drjúg brögðin látast slá;
harðir skotfleinar hæfi þá,
ef hingað vilja nokkurn tíma gá.

Springi nú fyrir þrenningina þeir
og þrýstist niður úr leir,
þrádjöflar þessir tveir,
þar á ei auki meir,
þaðan af enginn í þeirra stað komi;
þjóðin aldrei af þeim sjái
örmul, mynd eða óhreinan seyr.

(92)

Djöflarnir springa frammi fyrir heilagri þrenningu; því er lýst hvernig eigi að halda þeim undir niðri og þeir eru varaðir við móttökunum ef þeir snúa aftur. Í „Síðustu viðju“ er því lýst yfir að ljóðmælandi hafi náð að fjötra djöfulinn og þar er hann stunginn og hringt bjöllum yfir honum, eins og siður er þegar fæla á burtu illa anda. Hann skal sitja tjóðraður og fastur svo friður geti haldist:

Flugsærður fjandi
fari skríðandi,
vesall, veinandi
úr voru láðs landi;
vefjist að honum vandi
í viðju og járnbandi
af báli brennandi
með böllum vaxandi.

Slóttá árin slyngi
slitni af láðs hringi,
eg bind þig svo í bingi,
þú bærir á öngvu þingi,
þig stikkfleinar stingi

fyrir stórbrögð öll og kynngi,
hátt eg yfir þér hringi
og hvellum málm klingi.

Nú sé fjötri festur
falsarinn sá verstur,
djöfull meinmestur,
fyrir mærð og orðlestur,
klemmdur niður og klesstur,
kyrr í stað settur;
friðurinn bætist beztur,
en burtu ógestur.

(92–93)

Þetta er ítrekað í næstu hrinu:

Fjötra tötrum færi og nót
fúnum, lúnum, tilbúnum,
djöfla vafli, draugfífi,
frá dróttu með sóttu í óttu,
opið gloprist í djúp,
um æfi þá hæfi og kæfi
skeytin heit fyrir skaða rót,
þeim skelli, þá felli og velli,
þeim haldi gin gríðar
og gangviðjur stríðar,
enn séu bundnir árar þeir
til æfinlegrar tíðar
fyrir manna bænir blíðar
og bragar mynd þess, sem smíðar.

(93)

Ljóðmælandi tekur fram að menn geti stuðst við bænir og særingarkveðskap til þess halda árunum frá. Lokakafli kvæðisins kallast „Versin“ og þar er ítrekaður kraftur blóðs Krists í baráttunni við hið illa:

Nú ef nokkur ár
eða níðlegur andi óklár
byrjar brögð eða rjár
um byggðarmanna krár,
bý eg þeim til brýnda fleina
fyrir blóðið Jesú hreina,
verði það slíkum slóttugum orðum
svo sem ein eiturpíla og ógræðandi sár.

Gangdjöflar burt búist
frá byggð Snjáfjalla snúist,
hart að helormur þrúgust,
heit staðfastleg trúist,
við heilagt blóð Jesú legg eg,
að það ráð og ríki óhreinna anda
eyðist, rýist og rúist.

Þau bannskeytin brotni í smátt,

sem brögðóttir smíða þrátt
djöflarnir dag sem nátt,
þeir dreifist í hverri átt
fyrir blóðuga Jesú sæla síðu,
séu þeir allir alsærðir, yfirstignir;
vor æðstur Emanúel
eyðileggur allan þeirra mátt.

Amen.

(93–94)

Augljóst er að í þessu kvæði tekst ljóðmælandinn á við fjandann á hans heimavelli; í hinni andlegu vídd. Orð jafngilda aðgerðum; það sem ljóðmælandi segir gerist í raun og veru. Takmark djöfulsins er að ná tökum á huga og hjarta mannfólksins og andlegur styrkur er nauðsynlegur til þess að verjast honum. Ljóðmælandinn treystir á mögnun orða sinna í þessari baráttu; orðin sjálf, samsetning þeirra og form, eru hans vopn. Hrynjandin er einnig mikilvæg þegar farið er með kvæðið. Orðin eru kröftug, hljómmikil og taktföst og formið er kviðukennt.

Ljóðmælandi einbeitir sér fyrst og fremst að djöflinum og beinir máli sínu beint til hans án þess að ávarpa Guð eða biðja hann um að hjálpa sér í upphafi þó að vitnað sé til hans í lokin. Í síðustu versunum er getið um Jesú, eða Emanúel, sem er annað nafn hans á hebresku. Hið heilaga blóð mun kveða djöflana niður ef þeir birtast á ný og sjá um að eyða þeim og þeirra mætti. Í lok særingar virðist mikilvægt að biðja um vernd hins guðlega eftir átökin við djöfulinn og þar er krafti guðdómsins til endanlegrar eyðingar lýst. Hinn guðlegi máttur hefur úrslitaáhrif þegar halda á djöflinum á þeim stað sem særandinn hefur hrakið hann.

Ljóðmælandi staðfestir þann lúterska skilning að djöfullinn hafi losnað úr viðjum sínum í víti og gangi laus um heiminn. Mikil áhersla er lögð á að hann hverfi þangað aftur og verði bundinn á ný. Fjötrun djöfulsins er í huga ljóðmælanda samstillt átak særingamannsins og hins guðlega. Hann sér um að kveða djöfulinn niður og almættið sér til þess að hann rísi ekki upp að nýju. Ljóðmælandi lýsir hvernig djöflinum er sniðin útreiðin, hvernig hann er útleikinn eftir atganginn og tapar baráttunni við hið guðlega sem leggur ljóðmælanda lið.

Snjáfjallavísur eru eins konar stórskotaárás á djöfulinn og hægt er að ímynda sér að kveðandinn hafi flutt verkið eins þétt og frekast var unnt til þess að fjandinn kæmist ekki að með sinn boðskap, líkt og Jón Árnason vitnar til í kafla sínum um ákvæðaskáld. Talið var að ein af helstu aðferðum djöfulsins við að ná tökum á fólki væri að rökræða við það og kjafta í kaf og í slíkum kringumstæðum var orð Drottins mikilvægt. Í *Borðræðum* sínum vorið 1533 segir Lúter:

Nánast hverja einustu nótt þegar ég vakna, er djöfullinn til staðar og vill rökræða við mig. Ég hef komist að þessari niðurstöðu: Þegar sú röksemd dugar ekki, að kristinn maður sé án laga og yfir þau hafinn, er best að reka djöfulinn á flóttu með því að leysa vind. Sá rauði vill rökræða um réttlæti jafnvel þó hann sjálfur sé svikahrappur, sökum þess að hann hrakti Guð frá himnum og krossfesti son hans. Enginn maður ætti að takast einn á við Satan. Kirkjan og stofnanir Orðsins voru settar á fót til þess að hægt væri að taka höndum saman og hjálpast að. Ef bæn einstaklingsins dugir ekki til þá mun bæn annars gera það.

(Luther 1988: 78)

Jón lærði á í höggi við hinn nýja og endurbætta djöful lúterskunnar sem ræðst að mannlegu samfélagi. Hann notar eldri meðul gegn honum og beinir særingum sínum að honum án milliliða. Í lútersku er leitað til Guðs og hann látinn sjá um djöfulinn, ef honum sýnist svo, en ljóðmælandinn getur líka staðið einn og óstuddur og þurft að þola píslirnar til lengri tíma ef Guð hefur ákveðið að reyna hann.

Páll Vídalín lögmaður (1667–1727) getur um annan lærðan alþýðumann, Gísla Jónsson bónda í Melrakkadal (d. 1670). Sagt var að faðir Gísla, Jón Jónsson á Helgavatni, hefði kunnað vel til galdra og kennt syni sínum. Í þýðingu Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka á latínuriti Páls er þess getið að sonurinn hafi farið öðruvísi með galdrana en faðirinn og ekki alltaf til góðs. Samkvæmt frásögn Páls notaði Gísli galdra til þess að hagnast á efnamönnum (Jón Samsonarson 1979: 45).²⁰ Einn þeirra var Þorkell Guðmundsson en talið var að hann sæti undir árasum djöfulsins. Gísli var kallaður til og samdi kvæði til þess að særa djöfulinn burt.

Páll Vídalín dregur þá ályktun að kvæðið hafi innihaldið mun magnaðri særingar áður en það var gert opinbert, þó ekki komi fram hvers vegna, en hann lýsir því sem guðrækilegu á yfirborðinu (Jón Samsonarson 1979: 46). Áður hefur verið rætt um greinarmun á hvítum eða svörtum galdri á þessum tíma eftir því hver var ávarpaður og hvernig. Jón Ólafsson úr Grunnavík getur um Gísla, sem þar ber viðurnefnið lærði, í bókmenntasögu sinni (Add. 3 fol). Hann jafnar honum saman við Jón lærða hvað galdra áhrærir og tekur sérstaklega til þess að faðir Gísla hafi verið talinn með mestu galdramönnum sinnar tíðar.²¹ Hann leggur áherslu á að margir hafi talið að Gísli ætti þátt í þeim óþægindum sem plöguðu Þorkel og fleiri; hann hafi látið þau koma og fara á víxl og

²⁰ Rit Páls hefur ekki varðveist nema í uppskriftum: JS 569 4to (ágrip Hálfðánar Einarssonar af riti Páls). MS Bor. 66 (þýðing séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka).

²¹ Jón Ólafsson fæddist ekki fyrir en eftir að hinir lærðu menn voru báðir látnir. Grunnavíkur-Jón ólst upp á heimili Páls Vídalíns, sem fæddist á síðustu æviárum Gísla, en ekki er ólíklegt að Jón hafi heyrt sögur af báðum þar.

auðgast talsvert af iðjunni. Árni Magnússon hefur svipaða sögu að segja af galdramanninum (Jón Samsonarson 1979: 46–50).

Jón og Gísli eru heppilegir til samanburðar og aðferðir þeirra við að kveða niður illa anda, því báðir voru taldir margfróðir og öflugir galdramenn. Jón lærði ávarpar andstæðinginn beint í kvæði sínu samkvæmt fornri venju, en Gísli sér til þess að Guð sé ávarpaður fyrst og síðast. Ólíkt Jóni gætir Gísli þess að hafa kvæðið í kristilegri umgjörð til þess að það geti ekki talist til kukls í samtímanum, þrátt fyrir grunsemdir manna um hið gagnstæða.

Áhugavert er að bera saman kvæði þessara tveggja alþýðumanna sökum þess að þeir sækja í sama brunninn þó að útfærslan sé ekki hin sama. Ljóst er að hefðin á bak við særingarnar er sterk og trúin á mátt orðanna í þessu formi. Eins og áður hefur komið fram taldi Guðmundur Einarsson kvæði Jóns lærða kjörið fyrir hið illa til að koma sínum boðskap á framfæri. Þar fór lítið fyrir hinum guðlega þætti og djöflinum og hans aðstæðum er lýst í löngu máli. Gísli hefur annan hátt á þrátt fyrir að kvæði hans sé ekki síður öflugt. Hann byrjar á því að ákalla heilaga þrenningu sér og Þorkeli til aðstoðar. Sjöunda til níunda erindi hljóma á þessa leið:

Þorkiel Güends son þu þad veýst
þui mä veýkann nefna
og efna
þeim ømunar anda tiöns
oröa þýns velldür þiöns
þýn hönd mün hefna.

Volldugur drottinn verde kiær
vilie þinn hinn göde
af möde
mannsins eyde miskun mýn
með tæra flöde.

Huadann sem nauda nadra sü
nýsküst výst er skridinn
eda lidinn
flýe hun burtu ött sem ør
i helvýska kualaa kør
sie keyrd og suidinn.

Gud himneskur giefte krapt
gøfugur mýnum ordumm
i skordümm
sa sem aumümm lagde lid
og leýste giørvallt mankinid
fra fianda fordümm.²²

²² Hér eftir verður vitnað til sömu útgáfu með númerum versa eins og þau koma fyrir þar, sjá bls. 59–70.

Ljóðmælandi minnir Drottinn á verk djöfulsins og getur þess að hann hafi ráðist á Þorkel og hvernig honum sé best fyrir komið. Hann ítrekar oft en einu sinni kraft orðanna og í átjándra erindi snýr hann sér beint að djöflinum og lýsir hvernig farið verði með hann:

Madkur výtis meiddur skallt
marinn barinn sundur
þinn hündur
ord drottins þui orka sterk
øll þyn loge bðlvud küerk
sem tiara og tundur

Hér lýsir ljóðmælandi því yfir að orð Drottins muni standa í djöflinum og hreinlega kveikja í kverkunum á honum. Allt til 58. erindis lætur hann þíningarlýsingarnar dynja á djöflinum: kjaftur hans og kviður klofni, hann fergist niður í logandi helvíti, hann springi, brenni af orðum Guðs, mölvist sem steinn svo leggi af honum fýluna. Djöfsi skal brenndur á báli, soðinn svo að öll bein verði laus, sundurrifinn sem hræ og friðlaus, ærður af guðsorði, hent í helvíti af englum, keyrður, barinn og kreistur, kyrktur, myrtur, nístur og að lokum dæmdur af sælli hönd Drottins sem mun flæma hann og hrinda til helvítis. Honum er lýst sem vitlausum, heimskum og djörfum að ögra valdi Guðs og fullyrt að honum muni mistakast enn sem fyrr. Gísli notar þannig sömu aðferð og Guðmundur; að gera lítið úr andstæðingnum.

Átta erindi eru eins konar heitingar þar sem mælt er fyrir um að djöfullinn verði ofsóttur á ýmsan hátt. Orðið „ofsækja“ kemur fyrir í hverju erindi; það er að segja fremst í öllum nema einu þar sem það kemur fyrir í annarri línu. Fyrst þessara erinda hljóðar svo:

Ofsæke þig eilýft lios
allra goddoms dæda
og ræda
drottins hrinde þier dyrdar söl
dýrust sü ssem Maria ol
í bðlvun bræda.

(46. erindi)

Í 58. erindi og því næsta þar á eftir talar ljóðmælandi beint til Þorkels og óskar honum verndar. Því næst felur hann Þorkel í hendur Jesú og ávarpar frelsarann beint í síðustu erindunum. Í lokaerindinu segir:

Legg ég Þorkiels lýf og söl
liufumm þier til handa
ur vanda
læt eg hier sö lausnare minn

liöda smýde i þetta sinn
og strökur standa.
Amen²³

Særingarnar í kvæði Gísla eru ekki síður mergjaðar en hjá Jóni en form kvæðisins er annað. Hann heldur byggingu þess reglulegri en margt af efninu og hvernig hann nálgast fjandmanninn er líkt kveðskap Jóns lærða. Gísli gætir þess að kalla æðri mátt til aðstoðar í upphafi og enda kvæðisins en meginþorri þess er þó bein árás á djöfulinn. Hann leggur mikla áherslu á kraft orðsins og treystir ef til vill meira á það en Jón, sem hagar byggingunni þannig að flutningurinn sjálfur ber með sér meira áreiti. Jón fer þannig inn á hið kaótíska svið djöfulsins með sínum kveðskap, bæði í orði og formi. Eins og áður hefur komið fram ætluðu sumir að kvæði Gísla hefði verið svæsnara áður þó ekkert sé því til stuðnings annað en sögusagnir.

Gísli var efnislega á svipuðum slóðum og Jón lærði en það má vera að hann hafi lagað sig að nýjum síðum með því að klæða særingarnar í viðurkenndara form út frá kristilegu sjónarmiði þess tíma, eins og getið var um hér að framan. Þess vegna hefur verið erfiðara að tengja Gísla beint við djöfulinn en Jón lærða. Gísli virðist þó hafa sætt gagnrýni sökum þess að hann var á mörkum þess sem var viðurkennt hvað varðar efni kvæðisins og stöðu hans sjálfs en hann var valdamikill maður af alþýðustéttum sem nýtti andleg meðul sér til framdráttar og viðurværis. Jóni lærða virðist einnig hafa þótt mikilvægt að hafa æðri máttarvöld með sér í liði en hann og Gísli eiga það sameiginlegt að ráðast að andstæðingnum á óvæginn hátt þrátt fyrir að Guð sé á hliðarlínunni.

Næst víkjum við að öðru særingakvæði þar sem Jón Daðason kallar heilaga þrenningu sér til aðstoðar en hann er mun nær almættinu en Jón lærði og Gísli Jónsson, bæði hvað varðar efnistöð og afstöðu.

²³ Kvæði Gísla er líklega um og yfir 60 erindi en ekki er alveg ljóst hvernig þau skiptast (Jón Samsonarson 1979: 58–59).

Jón Daðason

Draumgeisli

Jón Daðason (1606–1676) var sonur silfursmiðsins og lögréttumannsins Daða Jónssonar frá Staðarfelli og konu hans Ceciliu Ásmundsdóttur. Hann gekk í Skálholtsskóla og vígðist til prestsembættis árið 1631. Jón var skipaður aðstoðarprestur í Ögurþingi við Ísafjarðardjúp árið 1632 en staldraði aðeins við í þrjú ár. Ekki er ljóst hvað olli því en í prestatali Sveins Níelssonar er gefið til kynna að Jón hafi misst embætti sitt. Hugsanlegt er að honum og sýslumanninum Ara í Ögri hafi ekki samið vel. Jón var kirkjuprestur í Skálholti um tíma en tók við embætti í Arnarbæli í Ölfusi árið 1642 og bjó þar til æviloka (Sveinn Níelsson 1950: 197, xiii; Þorvaldur Thoroddsen 1898: 93–94).

Jón giftist Katrínu Kortsdóttur, systur Þorleifs Kortssonar galdrabrennumeistara aldarinnar, árið 1644. Þeim varð fimm barna auðið en að auki átti Jón laundóttur og fóstursoninn Eirík á Vogsósum, sem varð einn þekktasti galdramaður Íslands, en hann ólst upp og stundaði nám hjá Jóni (Páll Eggert Ólafsson 1942: 339).

Þegar Jón var kominn að Arnarbæli taldi hann að andstæðingar sínir á Vestfjörðum, sem virtust enn ósáttir við hann, hafi haldið uppi ákøfum galdrasendingum á hann. Jón varðist þeim af miklum þrótti og snéri aftur til upphafsmannanna, hugsanlega með særingunni „Draumgeisla“ sem þótti svo mögnuð að hún var skrifuð upp víða og notuð í gríð og erg til að kveða niður drauga.²⁴

Árið 1673, þegar Jón var kominn á sjötugsaldur, virtist hann vera farinn að lýjast og lagði fram kæru til Jóns sýslumanns á Bakkarholtsþingi á hendur ofsóknarmönnum sínum. Jón harðneitaði hins vegar að nefna þá svo að málið féll um sjálft sig. Þremur árum síðar andaðist Jón óvænt úti undir berum himni í Arnarbælishverfinu. Töldu margir að Vestfirðingum hefði loksins tekist að koma honum að óvörum með sendingu (Guðni Jónsson 1942: 19, 48).

Jón yrkir „Draumgeisla“ í anda lúterskunnar og í samræmi við það sem tíðkaðist innan kirkjunnar, sem sést best á því að hann freistar þess að fá hið guðlega í lið með sér. Jón hafði sterkt valdanet í kring um sig, því hann var mágur Þorleifs Kortssonar, bróðir Halldórs Daðasonar lögréttumanns, mikill vinur Brynjólfs biskups og sjálfur starfandi prestur. Hann stóð milli alþýðlegra og alþjóðlegra fræða og hins veraldlega valds. Þekking hans náði yfir vítt svið og eflaust hefur hún ekki eingöngu verið ætluð kirkjunnar mönnum heldur einnig öðrum áhugamönnum um svipuð málefni, sama úr hvaða stétt þeir komu. Hann hefur gert sér grein fyrir að hann varð að fara varlega. Staða hans var þó allt önnur en

²⁴ Þrjú af þeim handritum sem hafa varðveist af „Draumgeisla“ geta um höfundinn en Jón er ekki nafngreindur nema í tveimur þeirra og aðeins í einu nefndur sem höfundur (Guðni Jónsson 1941:47–48).

Jóns Guðmundssonar sem átti fáa bandamenn þar til Brynjólfur biskup tók hann undir sinn verndarvæng.²⁵

„Draumgeisli“ er ólíkur „Snjáfjallavísunum“ að því leyti að í stað þess að ráðast beint að andstæðingnum ávarpar ljóðmælandi bandamenn sína á himnum, heilaga þrenningu. Páll Björnsson segir í riti sínu *Character bestia*: „[...] djöflarnir skjálfa þá er Jesú nafn er ákallað. Móti honum dugar ekkert bindingar, kviðlingar, galdrasæringar [...] Djöflarnir hræðast réttláta“ (Páll Björnsson 1976: 148). Í upphafi „Draumgeisla“ segir:

Heyrðu mig, vörður himna, guð,
heyrdú mig dýrðar sanna brauð,
heyrdú mig, herrann Kristur,
heyrdú mig, andinn heilagi,
heiðrað og lofað nafn þitt sé,
þrennur einn þú varst fyrstur;
hrærðu mitt sinni, hug og mál
hjartað, hugskot og líka sál
vont svo ég forðist vítis bál.

(Jón Daðason 1941: 38)²⁶

Þessu næst tiltekur ljóðmælandi stöðu sína gagnvart Guði, sem er skaparinn og orlagavaldurinn, og reifar það traust sem hann ber til hans:

Af því ég treysti einn á þig,
ég trúi þú hafir skapað mig,
eilífur, almáttugur,
þú gefur mér skyn og skilningarvit,
undir skjóli þinnar handar eg sit,
sálar sælasti dugur;
láttu mig aldrei líða smán,
lygis tuld, pretti svik né rán,
eilíft svo fáí ég auðun lán.

(38–39)

Ljóðmælandi minnst því næst sonarins sem fórnaði lífi sínu fyrir syndir mannkynsins. Hann biður Jesú afsökunar á að hafa þvingað hann til þess að taka syndirnar á sig og þar með greitt frelsi mannkyns dýru verði:

Eg trúi á þinn sæta son,
sú er mín hjálp og líka von,
að hann sé kominn hingað
að leysa og frelsa lýðinn sinn,

²⁵ Brynjólfur hafði mikinn áhuga á fornum fræðum og þótti umburðarlyndur gagnvart fornum arfi og varðveislunum hans. Hann ýtti jafnvel sjálfur undir varðveisluna og vitað er til þess að Jón Guðmundsson og fleiri hafi safnað og ritað niður ýmsan fróðleik að hans ósk til varðveislunna (Einar G. Pétursson 1998: 27–55).

²⁶ Hér eftir verður vitnað til sömu útgáfu með blaðsíðutali.

lof sé þér, Jesús, lausnari minn,
þig hefur synd mín þvingað,
þig kostaði dýrt að kaupa mig,
kvöl og þínu þú tókst á þig,
ástsemdin þín er eilíflig.

(39)

Hinn heilagi andi er ekki undanskilinn og næstu tvö erindi lýsa þakklæti og trúnaði ljóðmælanda til hins æðri máttar:

Eg set mitt traust og alla vón,
andvarp, hugskot, mál og bón
á hæstan, heilagan anda,
þann, sem sonur guðs sendi mér,
sá mig helgar og upplýser,
svo stöðugur má eg standa;
æ, hvað glaður eg feginn fæ
fagnaðar heilags anda blæg
hósianna, þegar eg honum næ.

Heilög þrenning háleitlig
hefir nú látið skíra mig
í náðarnafni sínu;
innsigli það eg á mér ber,
og ævinlega það fylgir mér,
verndar frá vítis þínu.
Enn hefir guðs son mér annað kennt
og til minningar þetta sent,
sitt hold og blóð í sakrament.

Eg veit og trú og vona hér,
verða mun engin skömm að mér,
af því guð er minn herra,
eg er hans eigið blessað barn,
því bið ég föðurinn náðargjarn mér líksamur virðist vera;
þó sár og stór sé syndin mín,
samt er dýrari náðin þín,
hátt yfir jörð og himna skín.

(40–41)

Djöfullinn er ekki kynntur til sögunnar fyrr en í sjöunda erindi:

Andskotinn fer með flærðarráð,
fær hann því mörgum manni náð
með vondum vélaslæðum,
af því þeir bila að búa sig,
brynja þar fyrir vil eg mig
í guðs sonar góðu klæðum;
það er bæn, trú og bezta von
að biðja jafnan góðan guðs son
sem hátt situr á himna trón.

(41)

Nú þykir ljóðmælanda hann nægilega vel brynjaður til að takast á við andstæðinginn svo hann ávarpar djöfulinn og talar beint til hans í næstu fjórum erindum:

Því viltu, fjandinn, freista mín,
fláráður mjög með svikin þín,
eða veiztu ekki af þessu,
kvinnurnar sæði son guðs er,
sundur skal mola haus í þér
sittu á kvala sessu
þar sért þú æ um aldurs tíð,
aldrei linni þín kvöl né hríð,
sóttir þú þennan sigur í stríð.

(42)

Ljóðmælandinn aðvarar djöfulinn því hann eigi við ofurefli að etja. Hann hótar honum kvölum, eins og Jón Guðmundsson gerir í sinni fælu, en það fer minna fyrir þeim hér. Í „Draumgeisla“ er það auk þess ekki aðeins Jesús, sonur Maríu, sem kemur til verndar heldur allir herskarar himnanna:

Stattu við, meðan eg stefni þér,
stefnir þér allir englarner,
stefni þér himna hallir,
stefndur farðu, og stökktu brátt
stefndur sökktu, og brenndu glatt,
eyði þér eldar allir,
máttir þú ei við Michael,
þá molaði hann þína höfuðskel,
úrtak þig svo í eilíft hel.

(42–43)

Ljóðmælandi stefnir djöflinum, óskar honum að farast í hinu eyðandi afli eldsins og minnir hann á ósigurinn gagnvart Mikael erkiengli en englarnir eru ávallt nálægir og ógn við hið illa. Allt slæmt sem djöfullinn reynir að gera ljóðmælanda kemur niður á honum sjálfum:

Allir hlutir nú ami þér,
af því að þú ert kominn hér,
sökktu nú svartur niður,
ó, þú, helvíska hundspottið
hafðu nú hvorki ró né frið,
brenni þinn bólginn kviður,
þær illsku hvatir sem þú ætlaðir mér,
argur, munu þær lenda á þér,
lastafulli Lucifer.

(43–44)

Jón bægir sendingum djöfulsins aftur til baka. Hann níðir hann með því að kalla hann argan og vitnar einnig til þess að djöfullinn sé kenndur við hund, líkt og nafni hans Guðmundsson

gerir í „Snjáfjallavísun“. Djöfullinn mun verða bundinn fastur og kvalinn svo hann geti ekki gert meiri óskunda:

Bundin í díki bíddu nú,
bundinn í kvölum verðir þú,
bindi þig lífsins kvistur,
bundinn í díki bruna þar,
bundinn í miðjar kvalirnar,
bindi þig Jesús Kristur;
englar og menn því anzi hér,
amen syngjandi nú með mér,
svo það, bölváður, bitni á þér

(44)

Jesús mun koma til hjálpar og binda djöfulinn á meðan menn og englar magna hið heilaga orð. Því næst minnir ljóðmælandinn Jesú á sig – heyrir hann ekki örugglega? Getur hann losað ljóðmælanda úr pytti fjandans sem hann hefur hætt sér út í og veitt honum ró?

Ó, Jesús, heyrðu, Jesús, mig,
Jesús blessaður, eg bið þig,
láttu mig lausan vera
við það helvíska hrakadý,
sem andskotinn er sjálfur í,
það virztu, góður, að gera;
deyfðu, og stilltu allt, hvað er
illskusamlegt, sem granda vill mér
öll ró og hvíld mín er í þér.

(44–45)

Ljóðmælandinn hefur hætt sér á háskalegar slóðir og hann þarf aðstoð við að hreinsa í burtu ummerki hins illa. Hann vill glaður falla í faðm frelsarans og fela honum sálarheill sína eftir átökin.

Í „Draumgeisla“ er það Guð sem gefur orðunum vægi ef hann kýs að bænheyra ljóðmælanda. Í næsta erindi viku ljóðmælandi að þeim krafti sem skaparinn gefur orðunum og ætlast augljóslega til þess að kveðskapurinn sé fjölnota:

Óska ég þessum orðum kraft
af þeim, sem að mig hefir skapt
og jörð og himna bæði;
guð almáttugur gæti þess
og gefi þeim, sem lesa þessi vers,
miskunn og margföld gæði
veittu þeim sanna von í þér,
vernir þá þínir englaner,
svo fjandinn hræðist og feili sér.

(45)

Hann felur sig algerlega hinu guðlega á vald:

Eg befala þér minn líkama og sál,
lífið, æðar, heyrn, sjón og mál,
hjartað, hugskot og sinni,
einninn pening og allt, hvað er,
eilífur guð, sem léntir mér,
af mjúkri miskunn þinni,
ættmenn mína og alla þá,
sem elska og trúna nafn þitt á
margfaldist yfir þá miskunn há.

(45–46)

Að lokum talar ljóðmælandi til lesandans, þess sem hlýðir á kveðskapinn eða fer með línurnar:

Hver, sem að syngur psálminn minn
og setur hann sér í hjartað inn
sá bið ég heiðurinn hljóti.
Draumgeisla nefni ég dýran brag,
dreginn saman með fáheyrt lag,
allur með einu móti.
Svo skilum láta líða nú,
lofum vér guð fyrir rétta trú,
amen syngjandi, eg og þú.

(46)

Fjandafæla Jóns er mun varfærnislegri en skáldskapur Jóns lærða og meiri áhersla lögð á kraft hinnar heilögu þrenningar en þann kraft sem kveðandinn magnar upp sjálfur. Í kvæði Jóns Daðasonar kemur fram ósk um að orðin öðlist mátt og sú togstreita milli fullvissu og efa sem ríkir í hinum lúterska heimi. Maðurinn er upp á náð Guðs kominn og getur aldrei verið fullviss um að hann sé bænheyrður. Jón byrjar á að fullvissa sig um að hann sé í sambandi við æðri mátt og hefur svo særingarnar, sem eru varla svipur hjá sjón hvað varðar magn og lýsingar séu þær bornar saman við fælu Jóns lærða. Þegar þær standa sem hæst vill hann fullvissa sig um að æðri máttur sé raunverulega til staðar honum til aðstoðar og verndar. Í fjandafælu sinni er Jón Daðason í raun að virkja æðri mátt til verka og stendur sjálfur því sem næst á hliðarlínunni.

Djöfullinn er sífellt að reyna að ná tókum á huga manna og Guð lætur reyna á andlegu þolrifin með því að stöðva hann ekki. Ef fólk gefst upp fyrir áreitinu, leyfir djöflinum að komast að huga sínum og hleypir að þungum hugsunum og þeirri trú að Guð hafi yfirgefið sig hefur djöfullinn unnið sigur. Jón Daðason óskar þess líkt og Jón lærði að Jesú bindi djöfulinn svo hann geti ekki gert mein. Allt byggist á trausti milli Guðs og manns; allar þrautir eru próf trúarinnar og mestu máli skiptir að hunsa djöfulinn, gera lítið

úr honum og fyrirlíta. Ljóðmælandinn upplýsir um ótta sinn og öryggisleysi en um leið leggur hann áherslu á það traust sem hann ber til Drottins og í lokin kemur fram að það er algert. Hann felur sál sína í hendur Guði og sækir fram þeirri í trú að Guð magni upp kraft orða hans.

Í skrifum Jóns Magnússonar birtist hins vegar lýsing þess sem telur sig verða fyrir ásóknum djöfulsins og ótti hins kristna þjóns við að vera yfirgefinn af Guði og ofurseldur hinu illa. Hann er ekki eins öruggur með almættið eins og Jón Daðason.

Jón Magnússon

Píslarsaga

Jón Magnússon prestur að Eyri í Skutulsfirði (1610-1696) var sonur Steinvarar Pétursdóttur af Svalbarðsætt, einnar valdamestu ættar á Íslandi á 17. öld, og séra Magnúsar Eiríkssonar sem þjónaði við Auðkúlu í Svínadal frá 1596 til 1650. Steinvör lést af barnsförum þegar níunda barnið kom í heiminn. Eldri synirnir voru þá sendir í fóstur, meðal annars til Guðbrands Hólabiskups og séra Magnúsar Ólafssonar í Laufási, en Jón var sendur til Odds Einarssonar biskups í Skálholti. Jón menntaðist undir handleiðslu biskups og hefur án efa kynnst heimsmynd hans en eins og áður var getið stóð Oddur að „prestastefnusamþykkt gegn töfrum, rúnum, ristingum og kveisublöðum árið 1592“ (*Alþingisbækur Íslands II* 1915: 258; Matthías Viðar Sæmundsson 2001a: 13–17).

Premur árum eftir að Jón útskrifaðist úr Skálholtsskóla skipaði Gísli Oddsson hann í stöðu aðstoðarprests Gísla Einarssonar í Vatnsfirði. Tveimur árum seinna fékk hann Ögurþing og tók við embætti um páskana 1635, líklega af Jóni Daðasyni sem fór þaðan sama ár. Þar kynnist Jón ekkjunnri Þórkötlu Bjarnadóttur frá Kirkjubóli í Dýrafirði. Þau giftu sig, Jón tók í fóstur börn hennar tvö, Bjarna og Rannveigu, og síðar áttu þau saman soninn Snorra. Árið 1643 var Jón kallaður til Eyrar í Skutulsfirði með samþykki Brynjólfs Sveinssonar biskups og að undirlagi Ara Magnússonar sýslumanns í Ögri (Matthías Viðar Sæmundsson 2001a: 18–21).

Séra Jón Magnússon lenti í útistöðum við Jón Jónsson á Kirkjubóli og son hans og alnafna, Jón Jónsson yngri. Á Kirkjubóli hafði löngum verið hálfkirkja þar sem fólk gat gengið til sakramentis líkt og að Eyri en auk þess var Kirkjuból mjög álitleg jörð. Jón eldri var vinsæll og fólk leitaði mikið til hans til lækninga. Veturinn 1648–1649 veiktist séra Jón og hélt því fram að hann hefði fengið sendingu frá keppinaut sínum Jóni Jónssyni. Orðrómur um að sá síðarnefndi væri göldróttur hafði lengi gengið manna á milli, einkum vegna tengsla hans við Galdra-Leifa á Garðsstöðum og aðra ættmenn sem orðaðir höfðu verið við galdur. Jón yngri þótti hinn álitlegasti og fríðasti piltur, en þegar hann bað stjúpdóttur Jóns Magnússonar var honum neitað um hönd hennar, svo ljóst er að ekki var kært með íbúum Eyrar og Kirkjubóls (Matthías Viðar Sæmundsson 2001a: 22–26).

Séra Jón sótti Kirkjubólsfeðga heim í október 1655 til þess að greiða fyrir sáttum milli þeirra og sambylingins Snæbjarnar Pálssonar. Áður hafði prestur áminnt Jón yngra opinberlega við messu fyrir að hafa beitt vinnukonu á heimilinu ofbeldi. Þessi lítilsvirðing fyrir framan allan söfnuðinn lagðist illa í þá feðga, einkum Jón eldri. Stuttu seinna tók séra Jón að kenna sér meins sem hann rakti til feðganna á Kirkjubóli. Svo mögnuð þótti þessi

aðsókn að hún dreifist út til heimilisfólks prestsins og nágretta hans (Jón Magnússon 2001: 82-83).²⁷

Séra Jón leitaði í fyrstu til sýslumannsins á Eyri í Skutulsfirði, Magnúsar Magnússonar, en líkaði illa hversu hægt málið gekk í höndum hans svo hann snéri sér til Þorleifs Kortssonar sem hafði hálfu sýsluna að léni þegar þarna var komið sögu. Þorleifur lét hendur standa fram úr ermum og efnt var til héraðsþings á Eyri 14. desember þar sem feðgarnir á Kirkjubóli þurftu að afla sér eiðvætta að lögum en gengu enn fríir og frjálsir. Þetta líkaði prestinum illa og linnu ekki látum fyrr en ný rannsókn hófst og feðgarnir voru hneptir í varðhald í mars 1656. Þeir náðu ekki að afla sér eiðmanna, játuðu á sig galdraglæpi og voru dæmdir til þess að brenna í eldi á Skeljabrekku sumardaginn fyrsta það sama vor (Matthías Viðar Sæmundsson 2001a: 26–28).

Séra Jóni voru dæmdar ríflegar bætur af eignum Kirkjubólshéðga eftir brennuna. Ekki rénaði þó sótt hans svo hann ásakaði dóttur Jóns eldri, Þuríði á Kirkjubóli, um að halda ofsóknunum áfram, jafnvel að hafa verið valda að þeim sem á undan gengu. Hann taldi sig sjá kölska birtast í mynd hennar og fleiri nágretta, Snæbjarnar á Kirkjubóli og Markúsar Brandssonar á Skeljabrekku. Í fyrstu hlutu ásakanir hans nokkurn hljómgrunn og Snæbjörn og Markús hröktust í burtu en þegar Jón heimtaði aðra rannsókn á nýjum aðilum talaði hann fyrir daufum eyrum yfirvalda. Þar að auki tók mágkona Þorleifs Kortssonar, Halldóra Jónsdóttir, Þuríði undir sinn verndarvæng. Þuríður var sýknuð af öllum sökum á Mosvöllum árið 1658 og sá dómur var staðfestur á Alþingi 1659.

Þuríður svaraði fyrir sig með því að kæra prestinn árið 1660 til Jóns prófasts í Holti en bréfið barst í hendur föðurbróður hans, Brynjólfs Sveinssonar biskups. Efnt var til sáttafundar á prestastefnu í Holti en Jón mætti ekki og óvíst er hvernig málinu lyktaði eða hvort það var fellt niður. Jón var þó svo ósáttur við niðurstöðuna að hann settist niður árið 1658 og tók til við að skrifa varnarrit sitt, *Píslarsögu*. Þar lýsir hann þeim kvölum sem hann þurfti að þola þegar djöflaofsóknum í lúterskum anda var beint að honum (Matthías Viðar Sæmundsson 2001a: 29).

Jón taldi sig þurfa að þola það sama og Lúter, stanslaust áreiti og árásir illra anda. Hann mat þessa lífsreynslu sem prófraun, trúði hinu guðlega valdi fyrir frelsun sinni og áleit að líkt og aðrir andstæðingar kristinnar trúar ættu bandamenn djöfulsins að brenna á báli. Í *Píslarsögu* lýsir hann píslunum í smáatriðum, magnar þær upp og ýkir til þess að hafa áhrif á lesandann. Í ritinu *Íslensk stílfraði* segir um barokkstíl að myndmálið sé gjarnan „íburðarmikið og langsótt. [...] Í þessu skyni er mikið lagt upp úr óvæntum samlíkingum og orðaleikjum, eignarfallsmyndum, stigmögnun, hliðstæðum og

²⁷ Hér eftir verður vísað til sama rits með blaðsíðutali innan sviga.

andstæðum, auk þess sem hvers konar hljómbrogð eru algeng“ (Þórir Óskarsson 1994: 346, 404). Lýsingar Jóns eru margar í þessum dúr og því má segja að framsetningin í *Píslarsögu* hafi ýmis einkenni barokkstíls en málið er þó ekki alveg svo einfalt.

Segja má að flókið, flúrað, ýkt og tyrfið séu einkunnarorð barokksins. Skrif Jóns falla ekki nákvæmlega undir þessa lýsingu, því stíll hans er þannig úr garði gerður að merking textans er öllum auðskilin, enda var hann ekki einungis ætlaður menntuðum valdsmönnum. Aftur á móti er texti Jóns myndrænn og ýktur, en ýkt og skrautlegt myndmál er eitt helsta einkenni barokktextans. Smærri þættir innan barokktextans vinna með myndmálinu, og þá ekki síst klassísk stílbrögð, en einmitt þessi atriði lætur Jón vinna saman með það að markmiði að hafa áhrif á tilfinningar þeirra sem á hlýddu eða lásu (Margrét Eggertsdóttir 2005: 350). Því má segja að klassík mælskufræði með barokkívaði hafi nýst Jóni vel í framsetningunni en um leið notfærði hann sér alþýðlegan stíl.

Jón leyfir sér ýmsa útúrdúra og nánari lýsingar og skýringar til þess að hafa áhrif á lesandann og sannfæra hann um gildi síns máls. Þar af leiðandi eru mörk milli frásagnar- og áhrifatekta ekki skýr, sérstaklega þegar kvölunum er lýst og þær magnaðar til hins ýtrasta. Sögumaður er þar af leiðandi í mótsögn við sjálfan sig þegar hann lýsir því yfir í upphafi að hann hafi ekki getu til þess að lýsa þessum kvölum. Tilgangurinn er að leggja áherslu á varnarleysi hans í aðstæðunum, þrátt fyrir að ljóst sé að hann hafi mjög gott vald á skriflegri tjáningu og mælskufræði. Fyrir þennan kraftmikla og auðuga stíl hefur Jón fengið mikið lof og þótt hafa sýnt einstaka hæfileika til þess að færa rök fyrir máli sínu og hafa áhrif á lesendur (Þórir Óskarsson 1994: 403).

Fáir efast um að Jón hafi skrifað textann af andlegri sannfæringu þó að hann hafi fært í stílinn. Ógnin var raunveruleg fyrir honum sjálfum og öðrum. Almennigur virtist hafa trú á því að hann hefði orðið fyrir ofsóknum og heimilismenn hans og nágrennar sögðust jafnvel líka hafa séð, heyrt eða fundið eitthvað í þá veru. Yfirvöld létu sér þó skýringar Jóns í léttu rúmi liggja framan af. Ljóst er að hann átti í mestu erfiðleikum með að fá mál sitt gegn feðgunum viðurkennt opinberlega og virðist síðan hafa verið endanlega hunsaður þegar hann gerði atlögu að Þuríði.

Í skrifum Jóns má merkja tíðaranda lúterskunnar, þar sem maðurinn lifir í stöðugum ótta við að missa sambandið við almættið. Jón sveiflast öfganna á milli hvað það varðar; aðra stundina telur hann að Guð hafi yfirgefið sig og hina er hann viss um að Guð hafi valið sig til að koma skilaboðum áfram um stöðu mannsins í hinum synduga heimi.

Lúter var sjálfur ekki viss um hvaða viðbrögð hann fengi frá almættinu þegar hann hófst handa við að brjóta upp kristið trúarkerfi. Hann átti eflaust í mikilli innri baráttu þegar hann vann að því að koma siðbreytingunni á. Aðra stundina var Lúter sannfærður um að

hann breytti rétt gagnvart Guði og leiðrétti misvísandi skilaboð kaþólskra um samband manns, Guðs og syndar. Hina var hann ekki viss um að þessi mikla bylting væri Guði þóknanleg. Á kirkjuþingi í Worms árið 1521 sagði hann það til dæmis ekki áhættulaust að breyta samkvæmt samvisku sinni þegar hann neitaði að taka til baka kenningar sínar en um leið bað hann Guð um hjálpa sér (Bainton 1984: 149–150).

Lútersk heimsmýnd byggist upp á jafnvægi milli fullvissu og efa. Efinn kyndir undir löngun til þess að fullvissa sjálfan sig um að Guð sé nálægur og sáttur við gjörðir mannsins. Maðurinn er sífellt minntur á sömu hringrásina: syndafallið, fæðingu Krists, dauða hans og upprisú. Hann á að iðrast synda mannkyns og taka á sig þá sektarkennd sem fylgir svikum við Guð og frelsarann. Mannskepnan má engjast sem ormur í hinu jarðlega dufti og vona að hún komist til himna á dómsdegi. Ef huggun og uppörvun skortir í þessu volæði er hægt að leita til Guðs og fullvissa sig um að hann sé til staðar.

Guð á að sjá manninum fyrir því sem hann þarf á að halda og ganga með honum í gegnum gleði, sorg og erfiðleika. Þjáningin er hluti af því gjaldi sem mannskepnan greiðir fyrir að svíkja guðdóminn. Með því að taka erfiðleikum af æðruleysi og treysta því að þeir séu próf á trúna geta menn linað þjáningar Krists og öðlast von um náð. Jón upplifir sig í sömu sporum og hinn þjáði Kristur, en á þann hátt að Guð sé að reyna hann.

Lúter sagði: „Guð er ekki guð dapurleikans, dauðans o.s.frv. en djöfullinn er það“ (Luther 1988: 96). Í *Íslenskri stílfraði* er þess getið að frásögn Jóns í *Píslarsögu* sé eins konar tilraun til „sálfræðilegrar sjálfslýsingar“ (1994: 390). Margir hafa velt fyrir sér andlegu ástandi Jóns en það er erfiðleikum bundið að dæma um það út frá sögunni einni saman án þess að taka tillit til annarra þátta. Hugsanlegt er að hann hafi þjást af depurð og talið að hún væri frá djöflinum komin (Matthías Viðar Sæmundsson 2001b: 348–387).

Jón Magnússon var ef til vill einn af þeim sem var ekki sjálfrátt, samkvæmt skilgreiningu Páls Björnssonar í Selárdal. Samkvæmt henni gæti jafnvægi vessa hafa skapað vettvang fyrir leik djöflanna að kirkjunnar manni og þyngt sál hans og hert svo að óbærilegt var við að una.²⁸

Jón bendir sjálfur á einkenni sem benda til þess að hann hafi þjást af melankólíu. Í *Píslarsögu* kemur oftsinnis fram að andlegu kvalirnar leggist mun þyngra á hann en þær líkamlegu. Á þessum tíma var viðurkennt að depurð gæti tengst líkamsstarfsemi út frá vessakenningum, líkt og Páll Björnsson vitnar til í sínum fræðum, en þá var viðkomandi

²⁸ Galenos var grískættaður Rómverji sem starfaði sem læknir á annari öld f.Kr. Hann þróaði hugmyndir um tengsl líkamsvessa og ástand líkama og sálar og endurbætti þær með heimspækikeningum sem fólu í sér fjórar lyndiseinkunnir og eðli þeirra. Í fyrsta lagi var um að ræða léttlyndi sem tengist lofti, hita, raka og blóði, því næst rólyndi sem er tengt við vatn, kulda, raka og slím, í þriðja lagi þunglyndi tengt við jörð, kulda, þurrk og svart gall og að síðustu ákafllyndi sem einkenndist af eldi, hita, þurrki og gulu galli (Þorkell Arngrímsson 1949:50–51). Þetta kerfi Galenosar hélt nokkuð óbreytt fram undir miðja 16. öld og hafði enn áhrif þegar komið var fram á þá sautjándu.

veikari fyrir ásókn djöflanna og það gat magnað upp andleg óþægindi ef ekkert var að gert. Jón óttaðist ítök hins illa og fræddi söfnuð sinn um aukna ásæld djöfulsins í mannlegar sálir og afleiðingar þess að vanrækja trúna. Í vísitasíu að Eyri í Skutulsfirði 16. ágúst 1653 kemur fram að:

[P]restinum sera Jóni Magn<ú>ssyni, [hafi] tilsagt söfnuðinn alvarlega og innilega að áminna til Guðs ótta, alvarlegrar iðranar og viðurkenningar framfarinna synda og hirðuleysis og uggaleysis sem (því miður) hingað til mun yfirgnæfa hér í kirkjusöfnuðinum sem annarsstaðar; vari við hættu og háska sem yfir hangir, í nálægum Norðurlöndum er yfirkominn með ófriði, orustum, blóðsúthellingum og hernaði, hvar ekki mun hér hjá sneiða utan menn í tíma umsnúist, iðrist af hjarta, alvöru og ástun[d...]rlegs framferðis og lifnaðar af eftirdæmi [Ni]niveborgar manna.²⁹

(Matthías Viðar Sæmundsson 2001: 272–273)

Samkvæmt boðskap prestsins voru sveitungar hans á villigötum og þess vegna var sótt að þeim úr öllum áttum. Tortíming og sigur djöfulsins yfir mannsálinni og samfélaginu var yfirvofandi og ef fólk snéri ekki til betri vegar yrði voðinn vís. Hið heilaga stríð milli manns og djöfuls var í fullum gangi; þjónn kirkjunnar var þar ekki undanskilinn og mátti eiga von á því að egndar væru sálargildirur fyrir hann út um allar koppagrundir. Ef hann léti freistast væri sál hans glötuð að eilífu.

Umhverfi Jóns var undir sterkum áhrifum frá lúterskri heimsmynd og úr frásögn hans má lesa að hann hafi snemma lifað sig inn í þennan heim sem var fullur af framandi ógnum anda, djöfla, álfa, trölla og skrímsla, enda var hann uppfræddur af færustu mönnum í vöggu siðbreytingarinnar í Skálholti. Sumarið þegar Jón var á sautjándá aldursári var hann til dæmis á ferð um fjörur við fjallið Þyri í Hvalfirði þegar þyrmdi yfir hann og hann sá enga aðra leið en að hleypa hesti sínum í sjóinn og týna þannig lífi sínu. Honum fannst sem lífs- og sálarheill sín væri fyrir bí og að öll tengsl hans við guðdóminn hefðu rofnað. Hann gat ekki ákallað Guð sinn sér til hjálpar því hann gat með engu móti munað neitt af guðsorði en hann mundi nafn Jesú sem hann klifaði á í sífellu á meðan ósköpin gengu yfir (Jón Magnússon 2001: 90).

Jón lýsir í *Píslarsögu* þeirri skelfingu sem greip hann þegar guðsorðið var gleymt og hann kom engum vörnum við. Lúter kemst svo að orði í bréfi til lærimeistara síns, George Spalatin, í febrúar 1520 um mikilvægi og kraft guðsorðsins:

²⁹ *Biblían*, Jónas 3:2: „Menn og dýr skulu sveipa sig hærusekkjum, hrópa til Guðs af öllum mætti, snúa frá sinni illu breytni og láta af því ofbeldi sem þau hafa framið. Hver veit nema Guði snúist hugur og hann láti af sinni brennandi reiði svo að við förumst ekki. Guð sá hvað fólkið gerði, að það hafði látið af sinni illu breytni. Þá snerist honum hugur og hann ákvað að valda fólkinu ekki þeirri ógæfu sem hann hafði boðað og refsfa því ekki.“

Ég hef heyrt því fleygt að það verði gífurlegt uppnám í framtíðinni ef Guð mun ekki hafa hemil á Satani. Ég geri mér grein fyrir að Satan hefur sínar djöfullegu áætlanir um að leggja mig í glötun og aðra. Hvað viltu? Það er aldrei hægt að fara öðruvísi en svo með Guðsorð að það valdi ekki stormi, glundroða og hættu. Orðið er af ætt óendanlegrar tignar, kemur góðum hlutum í verk, er yndislegt í hinum háu og loftkenndu efnun.

(Luther 1981: 152–153)

Jón var varnarlaus þar sem hann hafði engin orð til þess að verja sig og hann sinnti engu um samferðamenn sína sem reyndu að stöðva hann. Í *Píslarsögu* veltir Jón fyrir sér af hverju hann hafi orðið fórnarlamb slíkra freistinga sem reyndu að fá hann til að taka sitt eigið líf:

Svo og tilhugsaðist mér hvör að verið muni hafa orsök þeirrar reynslu og freistingar, einkum mín heimska blönduð með því oftrausti sem ég tók af því að ég þóttist í færum um á móti freistingum að standa, af því ég mundi svo mikils hafa áskynja orðið í Guðs orðs undirvísun þess ég lært hefði í kirkjunni og skólanum í Skálholti af þeim fögru og gullvægu kenningum sem mér sem öðrum mér samtíða veittist þar að heyra með jafnaði [...] Það tilfelli var minn fyrsti freistingarskóli sem mig minnti á sömu aðferð að hafa svo sem áður er getið.

(Jón Magnússon 2001: 91)³⁰

Séra Jón segir um tímann eftir að Kirkjubólssfeðgarnir voru brenndir: „Ég hafði ásett mér, fyrst Drottinn dýrðarinnar leiddi mig úr þeim helvíska eldi og reisti mig úr djöflanna baði, að hræðast ekki þá djöfuls kroppa og bugast ekki að gjöra tiltrúaða embættisskyldu og áminna þá sem ég vissi þess viðþurfa“ (Jón Magnússon 2001: 103). Hann vísar hér til þess að Drottinn hafi bjargað honum frá ásókn djöflanna með því að láta dæma feðgana til að brennast á báli og eftir það hafi þunglyndinu létt, um tíma að minnsta kosti.

Lúter kallaði melankólíu eða depurð „bað Satans“ og sagði hana eitt af verkfærum djöfulsins til að afvegaleiða menn í þeim vesældarheimi sem þeir lifðu í meðan þeir drógu andann (Luther 1913: 64).³¹ Samkvæmt honum var dauðasynd að gefa sig á vald þunglyndinu og afneita þar með tilvist Guðs og trú á hann.

Lúter háði marga hildina við þungan huga og efasemdir um samband sitt við Guð. Í einu af bréfum hans um andlega leiðbeiningu segir hann svo frá:

Þegar ég kom fyrst í klaustrið var ég dapur og niðurdreginn og gat ekki skilist við melankólíuna. Ég vakti máls á þessu við skriftir og ráðfærði mig við Dr. Staupitz [...] og opnaði mig gagnvart honum með því að segja honum frá þeim hryllilegu og hræðilegu hugsunum sem bærðust innra með mér. Síðan sagði hann: „Martin, veistu ekki að þessi freisting getur

³⁰ Hér eftir verður vitnað til sama rits með blaðsíðutali.

³¹ *Tischreden* II. No. 1349: „Ubi est caput melancholicum, ibi Sathan habet suum balneum.“

gagnast þér og er þér í raun nauðsynleg? Guð leggur ekki þrautir á herðar þér án ástæðu. Þú munt sjá að hann hyggst nota þjónustu þína til þess að áorka verðugum verkefnum.

(Luther 2003: 85–86)

Döprum hugsunum er lýst sem hryllilegum og hræðilegum og það verður að leita allra leiða til þess að víkja þeim frá:

Ef þú ert leiður og melankólían hótar að taka yfirhöndina, skaltu segja: „Stattu upp! Ég verð að leika lag fyrir minn konunglega herra (megi það vera Te Deum Laudamus eða Benedictus) vegna þess að Ritningin kennir okkur að honum líkar vel að heyra glaðværan söng og strengjatónlist.“ Byrjaðu síðan að slá nóturnar og syngdu með [...] þangað til daprar hugsanir þínar hverfa. Ef djöfullinn snýr aftur og sáir fræi áhyggna og dapra hugsana skaltu verjast drengilega og segja „Vík frá mér djöfull! Núna verð ég að spila og syngja fyrir herra minn Krist.“

(Luther 2003: 97)

Lýsingar Jóns á viðureign sinni við galdrasendingarnar eru yfiringilegar, einstæðar og magnaðar en kannski ekki svo ótrúverðugar fyrir samtímamenn hans enda var tilgangur ritsins að sannfæra fólk um að hann hefði virkilega orðið fyrir þessari reynslu. Það er næsta víst að Jón var að gera tilraun til þess að lýsa einhvers konar raunveruleika sem hann upplifði og túlkaði sem árás djöfulsins. Gera þarf ráð fyrir að hann hafi verið sannfærður um að þetta hafi gerst í raun og veru og að hans heimsmynd hafi boðið honum upp á að túlka atburðina á þennan hátt.

Samkvæmt kenningum Lúters er það djöfullinn sem ýtir döprum hugsunum að mannum. Ef þær sækja að er hann í návígi og þá er voðinn vís. Það er synd að gefa sig depurðinni á vald og afneita trúnni á hjálpræði Guðs. Þegar Jóni dvaldist á heimili Snæbjarnar á Kirkjubóli fannst honum eins og andsetin mús eða rotta gerði honum lífið leitt. Hann vísar til svipaðra atburða sem áttu sér stað sjö til átta árum áður og stóðu yfir dag sem nótt í fimm vikur. Það kemur ekki fram hvort þau óþægindi hafi tengst djöflaofsóknum en þegar hann kemur heim leggst á hann þungur svefn og hann á erfitt með að fara á fætur í dagsbirtu (60–63).

Eitt af einkennum þunglyndis er svefnóregla og meiri svefn en gengur og gerist. Þegar Jón fer aftur upp í rúm sækja að honum óhreinir, vondir þankar. Hann segist fyrst gleyma að streitast á móti þeim en síðan snýr hann sér til Guðs með bænakalli (62–63). Ekki er annað að skilja en að melankólían hafi náð á honum tökum, að hann velti sér upp úr þunglyndinu án þess að streitast á móti og opni þannig fyrir tengingu sína við djöfulinn. Síðan áttar hann sig og tekur til sinna ráða.

Í messu á fyrsta sunnudegi í aðventu telur Jón sig verða fyrir galdri í predikunarstólnum. Honum finnst hann sviptur allri rænu og skynsemi og hafa misst vitið endanlega. Hann stytir predikunina svo að hann komist út án þess að styggja Guð eða söfnuðinn. Ekki tekur betra við þegar kemur út fyrir kirkjuna því þá þorir hann ekki að horfa upp í himininn og verður að snúa aftur inn þar sem hann hendir sér flötum á gólfið og finnst hjarta sitt vera kalt, þurrt og hart sem steinn og hann getur ekki grátið (68). Jón lýsir hér örvæntingu vegna þess að honum finnst sál sín ekki vera tengd Guði og hann getur ekki horfst í augu við almættið á himninum vegna þess að honum finnst hann vera að svíkja það. Hann kastar sér flötum fyrir altari Drottins: „En hjarta mitt var úr máta kalt svo ég gat enga andakt fundið né hinu minnsta tári af mínum augum útkomið, svo með hverjum hætti sem ég leitaðist við að fá nokkurn vökva eða devotion var hún mér aldeilis fjarlæg, svo mitt hjarta var þurrt og hart sem steinn“ (68).

Jón lýsir líkamlegum einkennum þunglyndis samkvæmt lækisfræði þess tíma. Hjartað er kalt og þurrt sem steinn jarðarinnar vegna þess að svarta gallið magnast í líkamanum og þunglyndið hefur yfirhöndina. Það er enginn raki í líkamanum sem veldur því að Jón getur ekki veitt tilfinningum sínum útrás með því að gráta.³² Hann óskar þess heitt að léttlyndið muni leysa þunglyndið af hólmi með hita, raka og blóðrennsli um líkamann. Honum verður ekki að ósk sinni, því um nóttina hellist þessi tilfinning aftur yfir hann og það endar með því að hann reynir að færa sig um set til Björns Bjarnasonar í Arnardal. Þar fær hann þó engan frið heldur: „Alla þá viku lá ég oftast nær undir þungum og ströngum slögum og djöfullegum hriðum og áhlaupum“ (70).

Þegar Jón fær Magnús Magnússon sýslumann til þess að gera leit á Kirkjubóli magnast ásóknirnar til mikilla muna og hann upplifir þíslir sem eiga engan sinn líka, nema ef helst skyldu vera þau örlög sem særingamenn ætluðu djöflinum sjálfum. Lýsingarnar eru glettilega líkar: Stundum finnst Jóni sem hann sé kraminn og klesstur undir ofurþunga, líkt og marinn maður eða ostur sem liggur undir fargi. Honum finnst hann vera máttvana og stunginn sífellt með brennandi eða glóandi nálum, svo þétt að það sé eins og hann sé með náladofa um allan líkamann. Þessu til viðbótar er ekki laust við að honum finnist sem hann sé lagður í gegnum síðuna og milli rifja með flein svo hann heldur að upprunninn sé sinn hinsti dagur. Honum finnst sem líkami sinn logi og fær andköf og blossa fram í brjóstið sem líða svo fram af fingurgómunum. Stundum finnur hann til nístingskulda eða er funheitt á öðrum helmingi líkamans. Enn fremur er sem hold hans sé iðandi af möðkum sem eru þar velli og spriklandi. Jón segir þetta þó vera hégóma hjá þeim „innri kvölum

³² Samkvæmt lækisfræði þess tíma, í anda Galenosar, átti heilbrigt hjarta að vera heitt og rakt. Ef það var hart og kalt var ójafnvægi í líkamanum (Þorkell Arngrímsson 1949: 50–53).

sem tiltóku sérdeilis frá fyrsta sunnudegi í aðventu, hverjar langt tóku yfir allar píslir sem nefnast kunna [...]“ (80).

Ekki skánar líðanin þegar menn sverja eiða feðgunum í hag. Presturinn telur sig hafa fengið sendingu frá Jóni yngra sem fór hjá bænum í þeim erindagjörðum að afla sér fylgis. Eyra Jóns sem snýr niður að svæflinum nemur mikinn hvalablástur svo það er enginn svefnfriður, hann reynir af veikum mætti að þoka höfðinu undan en losnar ekki við hávaðann. Hann talar til djöfulsins og fræðir hann á því að hjálp Drottins sé ekki langt undan og leggur höndina undir vinstra eyrað. Þá linnir blæstrinum en í staðinn fer höfuð hans að loga. Hann veit ekkert ráð betra en að hvíla það í opnu *Bíblíunnar* þar sem skilur á milli Gamla og Nýja testamentisins. Ekki tekur betra við því allar æðar blása upp í hálsinum, belgja út í brjóstið og þaðan leiðir verk upp í höfuð hans (82).

Séra Jón leggur höfuðið á *Bíblíuna* til að lina þann djöfullega eld sem honum finnst brenna í því. Frelsun hans felst í að leggja höfuðið við hið heilaga orð um dauða og upprisufrelsarans, nýtt upphaf fyrir alla menn og von um náð eftir miklar þrengingar. Í allra versta falli kýs hann að deyja eða gefast upp á mörkum þessara orða. Jón telur að á þessu megi sjá hversu sterkur og öflugur djöfullinn er, líkamlegar kvalir eru helvískar en sálarplágurnar þyngri og óvægari:

[...] þetta líkamlega umskrifað kvalræði met ég einskis vert hjá hinu sem sálina og innra manninn sem allra þunglegast sárkvaldi, sem jafnan plagaði að fylgja hinum líkamlegu slögunum, sérdeilis uppbyrjandi aðventusunnudag, sem áður er getið, þegar hjartað varð ekki einasta uppburkað öllum vökva nokkrar náðar hjá guði heldur og einn stálsett, svo að hvernin sem ég vildi bera mig að andvarpa eða eftirleita þá veittist mér ekki hugarhægð hin minnsta, og svo tíðast sem ég væri frá Guði aldeilis útflæmdur og burtkastaður, svo mér virtust alla skepnur við mig í fullum fjandskap, svo að djöfullinn vildi mér til þess að koma að tilbiðja sig en lasta Drottin fyrst mér veittist engin hjálp af hönum, svo sem öngvir utan þeir einir vita sem það reynt hafa, hvað ég meina engin lifandi manneskja muni óstudd afborið geta [...].

(83)

Jón leggur áherslu á hversu óbærilegar sálarkvalirnar eru og hversu mikil freisting fylgir þeim. Djöfullinn reynir allt til þess að fá hann til fylgilags við sig.

Í *Píslarsögu* lýsir Jón heimi sem hann ætlast til að fólk þekki, enda er ritsmíðin kölluð varnarskjal. Hann er innilega sannfærður um að eina leiðin til þess að kveða óværuna niður sé að hrína á henni með guðsorði eða eyða henni endanlega í eldi. Ólíkt Páli í Selárdal virðist Jón ekki leita til saringarmanna; hann treystir á orð Drottins, almannaálit með sínum málstað í krafti embættis og hið veraldlega vald.

Í skrifum Jóns má greinilega merkja trúarlega óvissu sem er einkar erfið hinum kristna þjóni. Hvað gerist ef hann tapar sambandinu við almættið? Hvernig nær djöfullinn að smjúga í gegnum varnir hans? Er hann verðugur síns embættis, eða sem barn Guðs yfirleitt, ef djöflinum tekst að ná til hans á þann hátt sem raun ber vitni? Liggur hann undir árás djöfla eða er hann haldinn djöflinum og aðrir að reyna að særa hann út? Tapaði Jón Magnússon baráttunni við djöfulinn? Er hann á hans valdi eða er Guð með honum? Skrif Jóns lýsa glímunni við hugann, hvernig er að vera með djöfulinn í höfðinu og um allan líkamann og nánast bjargarlaus í þeirri stöðu.

Jón reynir blóðtöku til að jafna vessa líkamans svo hann geti sjálfur tekist á við djöfulinn en án árangurs. Hann ræður ekki við þessi öfl sjálfur og nær ekki að magna upp guðsorðið gegn djöflinum vegna þess að hann er sjálfur veikur og hefur ekki kraft særingamannsins til þess að stökkva djöflinum á flóttu. Án andlegs krafts hafa orðin enga virkni, þrátt fyrir að þau séu hið blessaða orð Drottins. Í örvæntingu sinni leggur hann höfuð sitt á bók orðsins þegar hann þykist finna að hann nái ekki að magna þau sjálfur sökum eigin andleysis. Hann hefur hugsanlega tapað hugarstríðinu við djöfulinn og er þess vegna misheppnaður þjónn Drottins.

Jónarnir þrír og barátta þeirra við djöfulinn

Ljóst er af því sem fjallað hefur verið um hér að framan að máttur hugar og orða er mikilvægur í baráttunni við djöfulinn og gildir þá einu hvort orðið kemur frá ákvæðaskáldi og beinist gegn djöflinum eða Guð er ákallaður til hjálpar. Átakasvæðið er í huganum; þar er helsta vígið; þar er barist við djöfulinn og þar koma menn sjálfum sér til varnar með særingum eða beiðni til Guðs um að skerast í leikinn. Það er hættulegt að komast í mikið návígi við djöfulinn og í kring um hann ríkir usli og óregla. Mikilvægt er að koma aftur á ró og jafnvægi eftir slík átök.

Jón lærði hættir sér í návígi við andstæðinginn og tekst á við hann á forsendum ringulreiðarinnar. Hann hagar flutningi sínum þannig að djöfullinn kemst ekki að og hefur ekki roð við ljóðmælandum, sem mætir honum í ringulreiðinni og skákar honum þar. Jón ljóðar kröftuglega á djöfulinn að fyrra bragði og þannig slær hann öll vopn úr höndum hans. Þrátt fyrir að Jón lærði sé í andstöðu við lúterskuna á hann í höggi við djöfulinn sem henni tilheyrir; djöful sem gengur á jörðinni laus úr fjötri sínum í helvíti. Jón vill hrekja hann aftur niður í undirheima og binda hann þar. Lýsingin á meðferðinni á djöflinum er raunveruleg aðgerð sem er framkvæmd með huganum. Djöfullinn er andlegt fyrirbæri og verður því fyrir andlegri árás; orðin hafa sama gildi og ef kveðandinn tæki á honum líkamlega. Hann er veiklaður enn frekar með því að níða hann niður og benda á hugleysi hans og aumingjaskap.

Lýsingin í kvæði Jóns er myndræn sem er nauðsynlegt til þess að ljóst sé hvað er um að vera. Það er ekki fyrr en undir lok kvæðisins að vitnað er til guðssonarins og minnst á liðsinni hans. Það virðist vera algert aukaatriði, því í sömu erindum og hann ávarpar almættið er ljóðmælandinn sjálfur enn að særa djöfulinn burtu. Undir lokin segir hann að árnir séu bundnir fyrir lífstíð vegna bæna mannanna og kröftugs kveðskapar. Einungis ef þeir snúa aftur er Drottinn á verði og blóð frelsarans aftrar þeim frá því að ná upp fyrri mætti. Jesú er þó vissulega ávarpaður í lokin og særingunni lýkur á lokaorðinu „amen“ eins og í lok bænar.

Til samanburðar er áhugavert að skoða fjandafælu Gísla Jónssonar sem líka var alþýðumaður. Því var fleygt að hann hefði lagað kvæðið að kristilegum anda eftir að það var skrifað upp en þrátt fyrir að umgjörðin sé önnur en á kvæði Jóns lærða er efnið er svipað. Mesta púðrið fer í að lemja á kölska en áður biður ljóðmælandinn Guð um að magna kraft orða sinna. Gísli notar svipaðar aðferðir og Jón lærði; harðri meðferð er lýst myndrænt og djöfullinn er níddur og hæddur fyrir heimsku sína.

Bygging erindanna í kvæði Gísla er regluleg, ólíkt þeim sem finna má í fælu Jóns lærða. Hins vegar innihalda átta erindi öll orðið „ofsæki“ en þá er eins og ljóðmælandi sé að stefna saman öllum hugsanlegum kröftum á himni og jörðu gegn djöflinum. Hér mætti tala um eins konar hryðju en hún er samt sem áður í kristilegri kantinum þar sem mörg af þessum öflum tengjast guðdóminum. Ef til vill þess vegna þorir höfundur að hafa formið kraftminna, þar sem hann treystir meira á hinn guðlega mátt umgjarðarinnar en Jón lærði.

Jón Daðason leitar til æðri máttar og leggur áherslu á að þaðan komi valdið; það er hið guðlega sem fremur hið mikla kraftaverk að stoppa djöfulinn af. Jón er eins konar útvörður sem þeytir hornið þegar djöfullinn er í návígi og kallar Guð til baráttunnar. „Draumgeisli“ er nánast alveg laust við þær þíningar á djöflinum sem alþýðuskáldin leggja mikla áherslu á. Ljóðmælandinn setur allt sitt traust á guðdóminn og minnst sambands Guðs og manns. Hann sjálfur hættir sér ekki of nálægt; það er eins og hann hreyti í djöfulinn til þess að halda honum í hæfilegri fjarlægð og hótar því sem koma skal þegar guðlegir kraftar munu vinna á honum og eyða. Ljóðmælandi er jafnvel smeykur um að hann hafi hætt sér of langt svo hann biður Jesú um að setja sig á réttan stað í tilverunni og hreinsa sig af öllu illu. Hann ætlar sér ekki að festast í hinni óræðu vídd djöfulsins.

Ljóðmælandinn í „Draumgeisla“ byrjar á því að tala við fjandann í þriðju persónu en djöfullinn er aðeins ávarpaður beint í fjórum erindum. Ljóðmælandinn sjálfur tekur lítið sem ekkert á djöflunum heldur eru það María og Mikael sem mola á honum hausinn. Allt sem djöfullinn sendir til ljóðmælanda mun hann fá til baka. Jesú mun sjá um að binda djöfulinn aftur þar sem hann á heima og bænir munu halda honum í skefjum. Orð ljóðmælandans fá kraft í gegnum Drottinn og þar sem kvæðið er fjölnota óskar ljóðmælandinn þess að Guð veiti vernd í hvert sinn sem farið er með það. Að lokum felur hann sig Guði og setur allt sinn traust á hann.

Jón Magnússon er hins vegar fastur í efanum og leitar til veraldlegra yfirvalda. Hann virðist ekki hafa sömu stjórn á hinum myrku öflum og nafni hans og starfsbróðir. Jón leggur mikla áherslu á að rót vandans sé ójafnvægi líkamsvessanna sem veldur honum þunglyndi fremur en að hann sé andsetinn. Hann segir hinar andlegu kvalir taka öllum öðrum hörmungum fram en lýsingar hans á andlegu ójafnvægi eiga vel við lýsingar á alvarlegu þunglyndi, vanlíðan og svefnóreglu sem því fylgir.

Samt sem áður er áhugavert að Jón Magnússon virðist fá sömu útreið og djöflarnir af höndum óvildarmanna sinna, ákvæðaskáldanna. Lýsingar hans af eigin ástandi og meðferð eru sambærilegar við þær sem koma fram í særingarkvæðum um ætluð örlög djöfulsins. Oft og tíðum heldur hann að Guð hafi endanlega yfirgefið sig og þá hlýtur hann að vera á valdi djöfulsins en hann reynir stöðugt að berjast gegn slíku valdi. Jón neitar því

að gefast upp og treystir á guðsorðið sér til hjálpar. Það er öllu öðru æðra í heiminum og hann verður örvæntingarfullur þegar hann missir tökin á því.

Djöfullinn er hreinlega inni í höfðinu á Jóni, belgir það út og allt guðsorðið með. Þess vegna bregður hann á það ráð að leggja sinn andsetna haus ofan á orðið sjálft þegar hann hefur það ekki lengur inni í höfðinu. Hann mun þá í það minnsta deyja í návist þess þótt hann sjálfur geti ekki haldið því hjá sér. Hann ræður ekki við eitt né neitt og finnst hann vera borinn andlegu ofurliði. Þá er ekkert annað til ráða en að virkja veraldleg yfirvöld til þess að taka djöflana úr umferð svo að vandamál hans hverfi. Það gera þau þó aðeins um stund og þegar Jón finnur til andlegs vanmáttar síns á nýjan leik draga veraldleg yfirvöld sig í hlé.

Lokaorð

Hugmyndaheimur lúterstrúar var ríkjandi á Íslandi á 17. öld en undir niðri kraumaði sá arfur sem fylgt hafði þjóðinni um aldir. Alþýða manna hafði enn trú á eigin reynslu og þekkingu til þess að takast á við það sem að höndum bar á meðan kirkjunnar menn gátu varla annað gert en að ganga inn í hlutverkið sem Lúter hafði fengið þeim og treysta á hið guðlega í einu og öllu, að minnsta kosti opinberlega.

Fyrir 1630 treysti stór hluti íslenskra presta á það sama og alþýða manna, enda voru þeir ekki síður kunnugir því sem flokkaðist undir hvítan galdur á þessum tíma og margir þeirra áttu jafn erfitt með að segja skilið við kaþólskuna og dýrlingana og söfnuðurinn. Ásóknir gegn göldrum fóru af stað á forsendum veraldlegs valds. Fyrsti maðurinn á Íslandi var ekki brenndur fyrir meðferð hvítagaldurs fyrr en árið 1625 en árið 1627 voru menn farnir að hika við að upplýsa um slíka þekkingu, eins og útsendarar Ole Worms komust að raun um. Guðmundur Einarsson sá stöðu sinni ógnað sem andlegum leiðtoga og skrifaði þess vegna *Hugrás* sem beindist gegn helsta andstæðingi hans árið 1627. Hann var á undan sinni veraldlegu samtíð þar sem galdrar voru almennt taldir mikilvægir en rit hans átti þátt í því að ýta undir fordóma gagnvart göldrum og fólkinu sem þá stunduðu.

Árið 1630 viðurkenndu veraldlegir valdamenn enn mikilvægi manna eins og Jóns lærða, sem tókust á við andlegar ógnir, og lýstu yfir ráða- og reynsluleysi sínu í meðferð og refsingu við göldrum. Það var einfaldlega ekki hefð fyrir því að refsa fyrir þekkingu á hvítagaldri; menn sem bjuggu að henni nutu virðingar og upphefðar og til þeirra var leitað. Þeir voru þarfir menn í þjóðfélaginu.

Það er ekki fyrr en árið 1656, þegar Kirkjubólsefðgar voru brenndir, að hið andlega og veraldlega vald sameinaðist í því að útrýma krafti þekkingar hjá alþýðumönnum. Jón lærði var fulltrúi hins gamla tíma þegar maðurinn tókst sjálfur á við andstæðinginn með eigin ráðum og reynslu. Menn sem stóðu nær kirkjunni, líkt og Jón Daðason og Jón Magnússon, treystu aftur á móti á samband sitt við Guð. Menn virtust þó vera sammála um að djöfull lúterskunnar gengi laus eins og Lúter hélt fram og það var algert höfuðatriði að binda hann niður.

Rétt eins og Lúter settu fylgismenn hans á svið baráttu góðs og ills til þess að skilja á milli manna og efla eigið vald. Kirkjan ein hafði réttu svörin við djöfli lúterskunnar og aðeins í skjóli guðsorðs og miskunnar var hægt að ráða að niðurlögum hans. Þeir sem notuðu aðrar aðferðir voru einfaldlega sagðir á valdi djöfulsins og sjálfkrafa taldir með honum í liði.

Meðal annars fyrir skrif Jónanna þriggja sem hér hefur verið fjallað um sjáum við fyrir okkur mynd af djöfli 17. aldar á Íslandi. Þeir voru ekki sammála um hvernig best væri að rækta samband sitt við guðdóminn en allir höfðu þeir hugmyndir um hvernig takast ætti á við djöfulinn. Lýsingar þeirra á viðfangsefninu og hvernig á að eiga við það eru keimlíkar og staðfesta hugmynd samfélagsins um hvers kyns andstæðingurinn var og hvernig ætti að takast á við hann, þrátt fyrir mismunandi aðferðir. Jón lærði treysti á gamalreynd meðul frá kaþólskum tíma en Jón Daðason og Jón Magnússon bundu traust sitt við nútímann og endurnýjað samband lútersmanna við Guð eftir úrelta stefnu kaþólskunnar. Þeir voru þó allir sammála um krafts orðsins og mikilvægi þess í einhverjum skilningi í hinni andlegu baráttu við hið illa. Allir treystu þeir á það, hver á sinn hátt.

Heimildaskrá

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Hví hafa þeir svo margar kvalir? Lýsingar íslenskra helgisagnaritara á helvíti.“ *Mímir: blað Félags stúdenta í íslenskum fræðum* 1992, 31.1, bls. 35–43.
- Almquist, Bo. 1961. „Um ákvæðaskáld.“ *Skírnir* 135, bls. 72–98.
- _____. 1965. *Norrön niddiktning. Traditionshistoriska studier i versmagi. I. Nid mot furstar*. Almquist og Wiksell, Stokkhólmi.
- Alþingisbækur Íslands II. 1915.* (1582–1592 Acta Comitiorum Generalium Islandiæ). Sögufélagið, Reykjavík.
- Andrés Björnsson. 1962. „Formáli.“ Árni Magnússon: *Galdramálin í Thisted*. Almenna bókafélagið, Reykjavík, bls. 5–8.
- Bainton, Roland. 1984. *Marteinn Lúther*. Þýðandi Guðmundur Óli Ólafsson. Bókaútgáfan Salt, Reykjavík.
- Biblían – Heilög ritning*. 1978. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.
- _____. 1981. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.
- Björn Jónsson. 1922–1927. „Annáll Björns lögréttumanns Jónssonar á Skarðsá eða Skarðsárannáll 1400–1640.“ *Annálar 1400–1800*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, bls. 250–251.
- Davíð Erlingsson. 1994. „Frá hrópi til saurs, allrar veraldar vegur.“ *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags*. 91, bls. 137–148.
- Einar G. Pétursson. 1989. „Særingar.“ *Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmenning*. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, bls. 410–421.
- _____. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða I*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1940. *Um íslenskar þjóðsögur*. Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés, Reykjavík.
- Guðni Jónsson. 1941. Inngangur. „Draumgeisli. Ortur af síra Jóni Daðasyni í Arnarbæli 1642–1676.“ *Sögurit XVII. Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. VII. 2*. Sögufélagið, Reykjavík, bls. 37–50.
- _____. 1942. *Íslenskir sagnaþættir III*. Ísafold, Reykjavík.
- Hannes Þorsteinsson. 1922a. „Séra Páll Björnsson í Selárdal. Nokkur minningarorð.“ *Prestafélagsritið*. 4. árg. 1 tbl. bls. 8–15.
- _____. 1922b. „Minning sjera Páls prófests Björnssonar í Selárdal.“ *Skírnir*. 96:1, bls. 53–92.
- Jón Árnason. 1954. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I*. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Jón Daðason. 1660. *Necromantia eður Gandreið, glumrur, dunur og dvergmál himinlegra hvítu rúna um undrandi kyn og krafta í yfirvættis-fyllingu edlis náttúrunnar, sem reynslan og listin gefur að rannsaka, elementlegum vafurloga, vindi, sjó og sandi innskrifandi*. ÍB. 35 fol.
- _____. 1941. „Draumgeisli.“ *Blanda VII*. Sögufélagið, Reykjavík bls. 36–50.
- Jón Guðmundsson lærði. 1902. „Um ættir og slekti. Með formála og athugasemdum eftir Hannes Þorsteinsson.“ *Safn til sögu Íslands og ísl. bókmennta III*, bls. 703–725.
- _____. 1916. „Fjölmóður. Ævidrápa Jóns lærða Guðmundssonar. Með inngangi og athugasemdum eftir Pál Eggert Ólason.“ *Safn til sögu Íslands og ísl. bókmennta V:3*, bls. 1–92.
- _____. 1936. „Snjáfjallavísur hinar síðari, í móti þeim síðara ganára á Snæfjöllum 1612“ *Huld II*, 2. útg. Reykjavík, bls. 85–94.
- Jón Halldórsson. 1903–1910. *Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal. Með viðbæti. I. Skáholtsbiskupar 1540–1801*. Sögufélagið, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1955. *Kvæðabók úr Vigur: AM 148, 8vo. Ljósprentaður texti*. Inngangur eftir

- Jón Helgason. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Jón Magnússon. 2001. *Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. Matthías Viðar Sæmundsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Samsonarson. 1979. „Fjandafæla Gísla Jónssonar lærða í Melrakkadal.“ *Gripla* III, bls. 40–70.
- Jón Steffensen. 1990. „Alpýðulækningar.“ *Íslensk þjóðmenning* VII. *Alpýðuvísindi, raunfræði og dulfræði*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík, bls. 103–192.
- Jón Þorkelsson. 1936. Inngangur . „Snjáfjallavísur hinar síðari, móti þeim síðara gangára á Snæfjöllum 1612.“ *Huld II. Safn alpýðlegra fræða íslenskra*. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík bls. 85–94.
- Krämer, Heinrich og Jacob Sprenger, 1972. „The Malleus Maleficarum.“ *Witchcraft in Europe 1100–1700. A Documentary History*. Ritstjórar Alan C. Kors og Edward Peters, University of Pennsylvania Press, Philadelphia, bls. 113–187.
- Le Goff, Jacques. 2005. „Hinar löngu miðaldir“. Íslensk þýðing Torfi Tulinius. *Ritið* 5 (3) bls. 9–18.
- Loftur Guttormsson. 2000. *Kristni á Íslandi III. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstjóri Hjalti Hugason. Alþingi, Hið Íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Luther, Martin. 1832. *Luther's table talk; or, Some choice fragments from the familiar discourse of that godly, learned man, and famous champion of god's truth, Dr. Martin Luther*. A. & R. Spottiswoode, London.
- _____. 1913. *D. Martin Luthers Werke: Kritische Gesamtausgabe. Tischreden II. Hermann Böhlhaus Nachfolger*, Weimar.
- _____. 1972. „Witchcraft and the Reformation.“ *Witchcraft in Europe 1100–1700. A Documentary History*. Ritstjórar Alan C. Kors og Edward Peters. University of Pennsylvania Press, Philadelphia, bls. 195–201.
- _____. 1981. *Letters I. Luther's Works. Vol. 48*. Ritstjóri og þýðandi Gottfried G. Krodel, aðalritstjóri Helmut T. Lehman. Fortress Press, Philadelphia.
- _____. 1988. *Table Talk. Luther's Works. Vol. 54*. Ritstjóri og þýðandi Theodore G. Tappert, aðalritstjóri Helmut T. Lehman. Fortress Press, Philadelphia.
- _____. 1989. *Letters III. Luther's Works. Vol. 50*. Ritstjóri og þýðandi Gottfried G. Krodel, aðalritstjóri Helmut T. Lehman. Fortress Press, Philadelphia.
- _____. 2003. *Letters of Spiritual Council*. Ritstjóri og þýðandi Theodore G. Tappert. Regent College Publishing, Vancouver.
- Lýður Björnsson 1976. „Nokkrar skýringar.“ *Kennimark kölska (Character bestiae)*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, bls. 155–176.
- Magnús Rafnsson. 2008. „Hvaða galdur? Ólík viðhorf alpýðu og yfirvalda.“ *Galdramenn. Galdrar og samfélag á miðöldum*. Ritstjóri Torfi Tulinius. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, bls. 147–161.
- Margrét Eggertsdóttir. 2005. *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Matthías Viðar Sæmundsson. 1992. *Galdrar á Íslandi. Íslensk galdrabók*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- _____. 2001a. „Ævi séra Jóns Magnússonar.“ *Píslarsaga Jóns Magnússonar*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 9–46.
- _____. 2001b. „Galdur og geðveiki.“ *Píslarsaga Jóns Magnússonar*. Mál og menning Reykjavík, bls. 9–46.
- Mitchell, Stephen. 2011. *Witchcraft and Magic in the Nordic Middle Ages*. University of Pennsylvania Press. Philadelphia.
- Munro, Dana Carleton. 2004. *Selections from the Laws of Charles the Great*. Kessinger Publishing, Whitefish.
- Oberman, Heiko A. 1989. *Luther. Man between God and the Devil*. Ensk þýðing Eileen

- Walliser-Schwarzbart. Yale University Press, New Haven og London.
- Ólafur Davíðsson. 1940–43. *Galdur og galdramál á Íslandi*. Sögufélagið, Reykjavík.
- Ólína Þorvarðardóttir. 2000. *Brennuöldin. Galdur og galdratrú í málskjölum og munnmælum*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Páll Björnsson. 1976. *Kennimark kölska (Character bestiae)*. Lýður Björnsson sá um útgáfuna. Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1916. „Inngangur“. *Fjölmóður. Ævidrápa Jóns lærða Guðmundssonar. Með inngangi og athugasemdum eftir Pál Eggert Ólason. Safn til sögu Íslands og ísl. bókmennta V:3*, bls. 3–30.
- _____. 1942. *Saga Íslendinga. Seytjándi öld*. Menntamálaráðið og Þjóðvinafélagið, Reykjavík.
- Sigurður Skúlason. 1926. „Hugrás Guðmundar Einarssonar með inngangi, skýringum og athugasemdum eftir Sigurð Skúlason“ (SÁM 53). Óprentuð lokaritgerð Sigurðar Skúlasonar til meistaraþrófs í íslenskum fræðum vorið 1927. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- _____. 1930. „Íslenzkar særingar.“ *Eimreiðin* 36:4, bls. 347–364.
- Silja Hrund Barkardóttir. 2003. „Gandreið: „girnilegri til fróðleiks en heilnæmis, sem eplið Evu.““ Óútgefin ritgerð til B.A.-þrófs, Heimspekideild Háskóla Íslands.
- Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Björn Magnússon sá um útgáfu. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Weyer, Johann. 2000. „Melancholia, Witches, and Deceiving Demons“. *The Nature of Melancholy. From Aristotle to Kristeva*. Ritstjóri Jennifer Radden. Oxford University Press, Oxford, bls. 95–105 .
- Porkell Arngrímsson. 1949. *Lækningar – Curationes – séra Þorkels Arngrímssonar sóknarprests í Görðum á Álftanesi*. Vilmundur Jónsson sá um útgáfu. Helgafell, Reykjavík.
- Þorvaldur Thoroddsen 1898. *Landfræðissaga Íslands II*. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.
- Þórir Óskarsson. 1994. „Yfirlit um íslenskan stíl frá 1540–1830.“ *Íslensk stílfræði*. Þorleifur Hauksson (ritstjóri) og Þórir Óskarsson. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. Mál og menning, Reykjavík, bls. 338–453.